



Barnakór frumflytur nýtt afmælislag Hörpu á tíu ára afmæli tónleika- og ráðstefnuhússins. Meðal viðstaddra voru Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur, en íslenska ríkið og Reykjavíkurborg færðu Hörpu í tilefni dagsins nýjan konsertflygil og útilistaverkið Vindhörpu eftir Elinu Hansdóttur sem verður sett upp á Hörputorgi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Geta lengt líf of feitra Íslendinga um sex þúsund ár með offituaðgerðum

Klíníkin í Ármúla áætla að gera eitt þúsund offituaðgerðir í ár. Rúmlega 12 þúsund Íslendingar eru í þeim flokki að geta sótt um að fara í slíkar aðgerðir en samkvæmt nýrri grein í breska læknablaðinu Lancet getur offituaðgerð bætt að meðaltali átta til tíu árum við líf hvers sjúklings.

benediktboas@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL „Niðurstöður rannsóknar sem lýst var í nýlegri grein sem birtist í breska læknaritinu Lancet sýna að þeir sem þjást af alvarlegri ofþyngd og gangast undir offituaðgerð auka lífslíkur sínar um

sex til tíu ár,“ segir Sigurður Ingibergur Björnsson, framkvæmdastjóri Klíníkurinnar í Ármúla, en samkvæmt svari Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Andrésí Inga Jónssyni kom í ljós að Klíníkin áætli að gera um eitt þúsund offituaðgerðir í ár. Þær voru 62 árið 2017.

Sigurður segir að offituaðgerðir séu orðnar stór hluti af starfsemi Klíníkurinnar. „Þetta er uppsöfnuð þörf. Gera má ráð fyrir að um að 12 þúsund Íslendingar glími við alvarlega ofþyngd, samkvæmt skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Algengir fylgikvillar slíkrar ofþyngdar eru sykursýki 2, háþrýstingur og kæfisvefn sem

Áhrif offituaðgerða

Um 70% læknað af sykursýki gerð 2.
Um 50% læknað af of háum blóðþrýstingi.
Um 50% sjúklinga geta hætt á blóðfitulyfjum.
Kæfisvefn hverfur hjá rúmlega 80% sjúklinga.

valda einstaklingnum þjáningum og heilsutjóni og eru jafnframt að valda kostnaði og álagi á heilbrigðiskerfið annars staðar.“ Sigurður segir að magaermisaðgerð sé tiltölulega

einföld aðgerð sem gefist vel og fylgikvillar séu fátíðir.

Í svari Svandísar kemur fram að 78 prósent þeirra sem hafa gengist undir þessar aðgerðir eru konur og karlar 22 prósent. Meðalaldurinn er 44,4 ár.

„Ef marka má greinina í Lancet má álykta að þessar þúsund offituaðgerðir lengi líf Íslendinga um rúmlega sex þúsund ár. Með þeim fámum við fólk úr örorku og aftur í vinnu þar sem það borgar skatta og til samfélagsins, en aðalatriðið er að einstaklingurinn fær bætta liðan og betri heilsu,“ segir Sigurður. Sjúkratryggingar Íslands taka ekki enn sem komið er þátt í kostnaði við aðgerðir sem Klíníkin framkvæmir. — SJÁ SÍÐU 6 ■

Gera ráð fyrir stórrí þjóðhátíð

toti@frettabladid.is

VESTMANNAEYJAR „Auðvitað voru það vonbrigði að geta ekki haldið hátíðina í fyrra, en það var ekkert annað að gera í stöðunni en að aflýsa henni,“ segir Hörður Orri Grettisson, formaður Þjóðhátíðarnefndar.



Hörður Orri Grettisson, formaður Þjóðhátíðarnefndar.

Hörður segir aðstæður í samfélaginu leyfa að haldin verði Þjóðhátíð í ár. Undirbúningur sé kominn á skrið og byrjað að bóka tónlistarfólk.

„Ég held að það sé alveg sama hvert maður hringir, það eru allir mjög spenntir að koma og eru tilbúnir í þetta verkefni með okkur.“ ■

RAFMAGNAÐUR

ENYAQ iV

KOMDU OG SKOÐAÐU

Til afhendingar í maí

Verð frá 5.790.000 kr.

412 til 536 km drægni skv. WLTP

5

ÁRABYRGÐ HJÁ HEKLA

hekla.is/skodasalur · Sími 590 5000 · Laugavegur 170 · HEKLA



Sverrir Bergmann skemmti land-
anum síðasta vetur í Tónaflóði.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

RÚV sækir í vasa Vesturbyggðar

benediktboas@frettabladid.is

FJÖLMIDLAR Menningar- og ferðamálaráð Vesturbyggðar hefur ákveðið að samþykkja styrk til Ríkisútvarpsins sem samsvarar leigugjaldi félagsheimilisins á Bíldudal fyrir tónlistarhátíðina Tónaflóð. Tónaflóð fór fram í fyrra þar sem Albatross með Sverri Bergmann og Elísabetu Ormslev fóru um landið og fengu nokkra gesta-söngvara með sér í lið. Í fyrra var spilað í Bolungarvík þar sem Helgi Björns kom fram. RÚV tapaði 209 milljónum eftir skatta í fyrra samkvæmt ársskýrslu en Tónaflóð var einn af fjölmörgum dagskrárliðum sem voru kostaðir á síðasta ári. ■

Dimm dimmunni í



Nemendur í Dansskóla Birnu Björns túlka Mary Poppins í Borgarleikhúsinu í gær. Ævintýrið um barnfóstruna kenjöttu er sígilt og kynslóðir hafa notið þess þótt næringarfræðingar samtímans kunni að setja út á ráðleggingar hennar um sléttfulla matskeið af sykri til að koma meðulunum niður. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Gróðureldar í Heiðmörk. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Áfram þurrkur í kortunum

jon@frettabladid.is

VEÐUR Áfram er útlit fyrir þurrka-
tið á Suður- og Vesturlandi. Í gildi er hættustig almannavarna vegna hættu á gróðureldum og veðurútlit næstu daga gefur ekki tilefni til að það breytist í bráð. Eiríkur Örn Jóhannesson, veðurfræðingur á Veðurstofu, segir að útlit sé fyrir áframhaldandi skúraleiðing-
ar í dag sunnan og vestan til en svo líti út fyrir að fari í norðaustanátt og þá þorni á ný. „Miðað við það sem ég sé á rakamælum í jörð þá er þetta ekki nóg til að bleyta upp í jarðvegi.“ Hann segir að jörðin drekki um leið í sig það sem fellur af vætu. „Það fer aftur í þurrka á laugardaginn og það er útlitið fram í miðja næstu viku. Áframhaldandi norðaustanátt og svipað veður og verið hefur.“ ■





Hjálpðu okkur að bjarga mannlífum

Vertu Bakvörður Landsbjargar ——— landsbjorg.is

Hlutu hvatningarverðlaun fyrir starf með unglingum

Kærustuparið Andrea Marel og Kári Sigurðsson eru reynsluboltar þegar kemur að frístundastarfi með unglingum. Þau voru verðlaunuð af Reykjavíkurborg í vikunni ásamt 12 öðrum verkefnum. Þau segja það ótrúlegt að það sé ekki búið að lögbinda þjónustu félagsmiðstöðva á Íslandi. Því þurfi að kippa í liðinn.

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Við höfum bæði brennandi ástríðu fyrir því að berjast fyrir velferð barna og unglinga og styðja þau í að tileinka sér virðingu fyrir sér og öðrum,“ segir Andrea Marel, deildarstjóri hjá frístundamiðstöðinni Tjörnninni, en verkefni hennar og samstarfsfólks, Flotinn, var eitt af 12 verkefnum sem fengu hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs sem veitt voru í vikunni. Átta nýbreytni- og þróunarverkefni í skóla- og frístundastarfi í borginni fengu þar viðurkenningu auk fjögurra samstarfsverkefna í leik-, grunn- og frístundamiðstöðvum sem fengu sérstaka viðurkenningu. Kærasti Andreu, Kári Sigurðsson, tók einnig á móti verðlaunum fyrir hönd félagsmiðstöðvarinnar Hólmasels fyrir kynfræðslu í Seljahverfi sem hefur síðastliðin þrjú ár farið fram sem tilraunaverkefni undir handleiðslu Jafnréttisskóla Reykjavíkur. „Flotinn samanstendur af hópi frístundaráðgjafa sem ferðast um borgina til að vera til staðar fyrir börn og unglinga. Starfið fer að mestu fram eftir að útivistartíma lýkur og á sumrin þegar mestallt annað starf er í sumardvala. Markmið Flotans er að stuðla að öryggi og velferð unglinga, vinna gegn óæskilegri hópamyndun og draga



Kári og Andrea ætla að sinna sumarstarfi í félagsmiðstöðvunum í sumar og ferðast um landið og njóta lífsins í faðmi fjölskyldu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

“
Fyrst og fremst er ótrúlegt að það sé ekki enn þá búið að lögbinda þjónustu félagsmiðstöðva á Íslandi. Þetta þarf að laga sem allra fyrst.

Andrea Marel Þorsteinsdóttir

úr áhættuþáttum í umhverfi þeirra,“ segir Andrea. Kári segir að upprunalega hafi planið verið að fara bara í Seljaskóla en verkefnið verið það spennandi og mikilvægt að það hafi ekki verið annað hægt en að fá Ölduselsskóla í samstarf. „Ástæðan fyrir því að þetta verkefni fór af stað var að ungmenni í Reykjavík hafa lengi barist fyrir því að fá meiri og fjölbreyttari

kynfræðslu inn í skólana,“ segir Kári. Aðspurð hvað það sé sem vanti í starf félagsmiðstöðva á Íslandi stendur ekki á svari. „Fyrst og fremst er ótrúlegt að það sé ekki enn þá búið að lögbinda þjónustu félagsmiðstöðva á Íslandi. Þetta þarf að laga sem allra fyrst enda hafa félagsmiðstöðvar fyrir löngu sýnt hversu stóran og veigamikinn þátt þær hafa í forvarnarstarfi og félagslegu uppeldi æsku landsins,“ segir Andrea. Eðlilega er mikið rætt um starf félagsmiðstöðva á heimilinu en þau hafa einnig getið sér góðan orðstír með FokkMe-FokkYou fyrirlestrinum sem þau eru með á sinni könnu. „Við ræðum starfið trúlega alltof mikið en fyrir utan það að vinna með sama aldurshóp erum við líka með lítið fræðslufyrirtæki, FokkMe-FokkYou, og förum reglulega með fræðslu inn í grunnskóla, félagsmiðstöðvar og til foreldra og starfsfólks. Þessi fræðsla öll á það sameiginlegt að snúast um samskipti og samfélagsmiðla,“ segir Kári. ■



ÞJÓNUSTUÐ DAGUR TOYOTA

Á MORGUN 15. MAÍ KL. 11-15



Þjónusta fyrir bílinn, sápuþvottur og dekur. Þjónustuð fyrir fjölskylduna hjá viðurkenndum þjónustuðaðilum Toyota. Stílltu á K100 - FM 100,5. Páll Óskar sér um þjónustuðið.

Engin vandamál – bara lausnir.

Toyota Kaupúni
Toyota Reykjanesbæ
Arctic Trucks
Bífreiðaverkstæði Reykjavíkur
Bílatangi
Nethamar
Bílageirinn

Kaupúni 6
Njarðarbraut 19
Kletthálsi 3
Bæjarflöt 13
Suðurgötu 9
Garðavegi 15
Grófinni 14a

Garðabæ
Reykjanesbæ
Reykjavík
Reykjavík
Ísafirði
Vestmannaeyjum
Reykjanesbæ



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS



Merkilega margir notuðu nagladekk þrátt fyrir lítinn snjó í vetur.

Létu nema telja nagladekk í vetur

benedoktboa@frettabladi.is

MENGUN Á fundi Skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur í vikunni voru kynntar niðurstöður mælinga á hlutfalli bíla á nagladekkjum í Reykjavík í vetur. Skýrsla verkfræðistofunnar Eflu var þar lögð fram en í bókun Flokks fólksins segir að það hefði vel verið hægt að spara við gerð skýrslunnar því stofan fékk ungt fólk og námsmenn til að telja fyrir sig. Meirihlutinn í borginni benti á að nauðsynlegt væri að halda áfram að hvetja fólk til að sleppa eða minnka notkun nagladekkja og vill skoða hvort hægt sé að setja frekari skorður við notkun nagladekkja. „Ef ríkið myndi veita slíka heimild.“ ■

Ríflega helmingur nú með mótefni

jon@frettabladid.is

COVID-19 Alls hefur 21,1 prósent landsmanna 16 ára og eldri verið fullbólusett. Þá hafa 27,9 prósent fengið fyrri sprautu. Þeir sem fengið hafa Covid-19 eða hafa mótefni eru 2,1 prósent. Þetta kemur fram á covid.is, vef Embættis landlæknis og almanna- varnadeildar ríkislögreglustjóra og miðast tölurnar við 12. maí. Gert er ráð fyrir að í næstu viku verði sextán þúsund manns bólusett með bóluefni frá Moderna, Pfizer og Jansen. ■

LEIÐRÉTTING

Fréttablaðið greindi frá því í gær að samkvæmt rekstrarreikningi hefði sveitarfélagið Árborg verið rekið með 949 milljóna króna tapi á síðasta ári. Það er ekki rétt, því í reikningnum kemur fram að tapið hafi verið um 583 milljónir. Fréttablaðið biðst velvirðingar á þessum mistökum. ■

Endurreisn ferðaþjónustunnar á fjórum árum

arnartomas@frettabladi.is

FERÐAÞJÓNUSTA Samtök ferðaþjónustunnar gáfu í gær út svokallaðan Vegvísi um viðspyrnu ferðaþjónustu. Þar má finna tillögur að aðgerðum stjórnvalda með það að markmiði að styðja við endurreisn ferðaþjónustunnar á Íslandi. Tillögum vegvísisins er skipt í ell efu flokka og er áhersla meðal annars lögð á rekstrarumhverfi fyrirtækja, úrlausn skuldavanda þeirra, markaðssetningu og fleira. Þá hefur einnig verið stofnað árangursmæla-

borð þar sem hægt verður að fylgjast með framvindu mælanlegra markmiða í viðspyrnu iðnaðarins til ársins 2025. „Við viljum ekki taka lengri tíma í þetta en þessi fjögur ár,“ segir Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri samtakanna. „Því lengri tíma sem þetta tekur, því meiri verður samfélagslegi kostnaðurinn. Við viljum komast að minnsta kosti þangað sem við vorum fyrir faraldurinn og helst lengra.“ Aðspurður um viðbrögð við



Því lengri tíma sem þetta tekur, því meiri verður samfélagslegi kostnaðurinn.



Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF.

verkefninu segir Jóhannes að viðbrögð innan ferðaþjónustunnar hafi verið góð. „Við höfum verið að vinna að þessu alveg frá áramótum og finna hvaða hlutir það eru sem skipta mestu máli,“ segir Jóhannes og bendir á að tímasetningin sé einnig mikilvæg. „Það er einhugur í okkar ranni um að tilögurnar í vegvísinum séu það sem þurfi að rata inn í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar eftir næstu kosningar.“ Vegvísinn má finna á heimasíðunni vidspyrnan.is. ■

Friðjón býður sig fram og vill á þing

Friðjón Friðjónsson, eigandi KOM ráðgjafar og áhrifa- maður í Sjálfstæðisflokknum, er meðal níu frambjóðenda í prófkjöri flokksisins í Reykjavík sem fer fram í næsta mánuði. Framboðsfresturinn rennur út í dag.

adalheidur@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Níu hafa tilkynnt framboð í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík sem fram fer 4. til 5. júní næstkomandi. Þeirra á meðal er Friðjón Friðjónsson, eigandi KOM ráðgjafar, en hann hefur verið meðal helstu áhrifamanna í Sjálfstæðisflokknum um árabíl. „Ég hef undanfarin ár rekið lítið fyrirtæki með fimm til sex manns í vinnu og mér hefur oft fundist skorta á skilning stjórnmálanna á högum þannig fyrirtækja,“ segir Friðjón aðspurður um framboðið. Rekstur fyrirtækja eins og hans sé oft erfiður. „Ég hef lent í því að þurfa að láta mín laun biða til að borga starfsmönnum á tíma. Þetta er umhverfi þar sem engum er gefið neitt og enginn í rekstri biður um það. En stjórnmálin og kerfið þurfa að búa til gott umhverfi fyrir litlu blómin. Lítil fyrirtæki eins og okkar borga launin og skattana og standa þannig undir velferðinni fyrir okkur öll. Það eru óteljandi tækifæri fram undan. Þess vegna gef ég kost á mér.“

Eins og fram hefur komið takast tveir ráðherrar í ríkisstjórn á um fyrsta sætið í prófkjörinu, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra og Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra. Annað þeirra gæti lent mun neðar í prófkjörinu en Brynjar Níelsson hefur tilkynnt um framboð í 2. sæti og Sigríður Á. Andersen er einnig sögð munu tilkynna framboð í það sæti



Friðjón Friðjónsson á sæti í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins og er formaður upplýsinga- og fræðslunefndar hans. Hann var um tíma aðstoðarmaður Bjarna Benediktssonar formanns flokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

í dag. Sá frambjóðandi sem lendir í 2. sæti tekur forystu í því kjördæmi sem sigurvegari prófkjörsins velur ekki. Enn einn þingmaðurinn, Birgir Ármannsson, sækist eftir að vera í forystusveitinni og býður sig fram í 2. til 3. sæti. Þeir sem lenda í 3. og 4. sæti í prófkjörinu munu verma 2. sæti á framboðslistum kjördæmanna og miðað við fylgi flokksins í borginni er um nokkuð örugg þingsæti að ræða. Diljá Mist Einarsdóttir, aðstoðarkona Guðlaugs Þórs, vill fá 3. sæti í prófkjörinu og bæði Hildur Sverrisdóttir, aðstoðarkona Þórdísar Kolbrúnar R. Gylfadóttur, og Kjartan Magnússon, fyrrverandi borgarfulltrúi, vilja 3. til 4. sæti.

Þessi hafa tilkynnt framboð

Áslaug A. Sigurbjörnsdóttir, 1. sæti
Guðlaugur Þór Þórðarson, 1. sæti
Brynjar Níelsson, 2. sæti
Sigríður Á. Andersen, 2. sæti
Birgir Ármannsson, 2.–3. sæti
Diljá Mist Einarsdóttir, 3. sæti
Kjartan Magnússon, 3.–4. sæti
Hildur Sverrisdóttir, 3.–4. sæti
Friðjón Friðjónsson 4. sæti

Þá setur Friðjón stefnuna á 4. sætið. Aðspurður um þá högværð í samانبurði við aðra frambjóðendur svarar Friðjón: „Þetta er annað sætið í öðru kjördæminu og öruggt þingsæti. Fyrir á fleti

eru fimm þingmenn og svo áhuga- verðir frambjóðendur.“ Framboð Friðjóns þarf kannski ekki að koma á óvart þegar rifjað er upp að hann hefur verið venju fremur opinskár um viðhorf sín til vegferðar Sjálfstæðisflokksins. Í grein í Morgunblaðinu 28. janúar síðastliðinn sagði hann flokkinn hafa það yfirbragð að hann vildi ekki breytingar í takt við tímann og umheiminn. Hygðist flokkurinn skilgreina sig þannig yrði hann að steini eins og tröll í dagrenningu. Fyrr í þessari viku varaði Friðjón svo í grein sem birtist á vísir. is við áframhaldandi stjórnarsamstarfi við Vinstri græn að loknum kosningum, enda stefna þess flokks andstæð öllu því sem Sjálfstæðisflokkurinn standi fyrir. ■

Orkusveitarfélög kvarta til ESA

jon@frettabladid.is

SVEITARFÉLÖG Samtök svonefndra orkusveitarfélaga hafa sent erindi til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) vegna þess sem þau telja brot íslenska ríkisins á ákvæðum EES-samningsins um ríkisstyrki. Alls standa tuttugu sveitarfélög að samtökunum. Á vef samtakanna segir að efni kvörtunarinnar lúti að ákvæði í lögum um skráningu og mat fasteigna. Þar séu rafveitur og línur til raforkuflutnings, ásamt burðarstólpum og spennistöðvum, undanþegnar fasteignamati. Hins vegar skuli meta hús sem reist hafa verið yfir afl- og spennistöðvar, sem og lóðir sem þau standa á. Á grundvelli ákvæðisins er fasteignamat þeirra eigna raforkufyrirtækja og skattlagðar eru, ríflega 60



Tengivirki sem þetta eru undanþegin fasteignasköttum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

milljarðar króna. Þjóðskrá á ætli hins vegar að heildarfasteignamat orkumannvirkja gæti verið allt að 847 milljarðar. Sé gengið út frá almennu skatthlutfalli fast-

eignaskatts verði sveitarfélögin af rúmlega 10 milljörðum króna í skatttekjur á ári. Í því felist ríkisstuðningur sem samtökin vilja fá afstöðu ESA til. ■



Brautirnar eru fáanlegar með mjúklökun

Mikið úrval rennihurðabrauta frá

GEZE

Þýsk gæðavara.



JARN&GLER
Skútuvogi 1h - Sími 585 8900
www.jarngler.is

VIÐ ELSKUM AÐ
GRILLA

NÝTT
Í HAGKAUP



**Famous Dave
Country Roast Chicken**

699 kr/stk



20%
afsláttur

Okkar uppáhalds
oppskrift af grilluðum
bringum og vængjum
Sjá myndband



★
100%
HREIN
AFURÐ
★

Kjúklingabringur

2.079 kr/kg

Verð áður 2.599 kr/kg

Tilboð gilda út 16. maí



20%
afsláttur



Grill hamborgarinn
2 x 130 g

599 kr/pk

Verð áður 749 kr/pk



★ SÉRVALIÐ ★

Sérvalið
Þurrkryddað lambafile

5.999 kr/kg



20%
afsláttur

★
100%
HREIN
AFURÐ
★



Kjúklingavængir

399 kr/kg

Verð áður 499 kr/kg

NÝTT



**Famous Dave's
Corn Bread Mix**

579 kr/pk

NÝTT



Oggi
Beyond Meat pizzur

1.379 kr/pk

NÝTT



Saus Guru
Sérfræðingurinn í sósum

Verð frá **599** kr/stk

HAGKAUP

Háskólalestin rúllar af stað

arnartomas@frettabladi.is

MENNTAMÁL Háskólalest Háskóla Íslands heimsækir Hvammstanga í dag. Um er að ræða verkefni þar sem grunnskólanemar fá að kynnst ýmsum vísindagreinum háskólans í gegnum námskeið.

Nemar í Grunnskóla Húnaþings vestra munu þar geta kynnt sér námsgreinar á borð við matvælafræði, fornleifafræði og margt fleira. Þá mun lestin heimsækja Strandabyggð 20. til 21. maí og Fjarðabyggð 27. til 28. maí.



Guðrún Bachmann, kynningarstjóri vísindamiðlunar við HÍ.

„Ég veit að margir þeirra sem tóku þátt sem börn þegar Háskólalestin fór fyrst af stað segjast enn muna vel eftir henni,“ segir Guðrún Bachmann, kynningarstjóri vísindamiðlunar við HÍ, sem hefur verið lestarstjóri verkefnisins frá því að það hófst árið 2011. „Við erum þó ekki að keyra um landið til að búa til háskólaborgara, heldur viljum við frekar opna nýja veröld fyrir börnunum um hvaða möguleikar séu í boði.“ ■



Glæsisnekkjan er 142 metrar að lengd. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

A í Skagafirði

benediktboas@frettabladi.is

SKAGAFJÖRÐUR Dýrasta snekkja heims, Sailing Yacht A, liggur nú við akkeri fyrir utan Saudárkrók. Feykir.is greinir frá því að árrisulir Króksarar hafi margir kíkt í fjöruna til að berja snekkjuna augum enda engin smásmíði og hefur vakið mikla eftirtekt hvar sem hún kemur.

Snekkjan er í eigu rússneska milljarðamæringins Andrey Melnichenko og er skráð á Bermúdaeyjum. Hún renndi inn Eyjafjörðinn fyrir um mánuði síðan. ■

Ítalir ýttu Daða niður um eitt sæti

odduraevar@frettabladi.is

EUROVISION Daði og Gagnamagnið ruku upp um heil tvö sæti í veðbönkum eftir æfingu gær dagsins í Eurovision. Daði og félagar fóru upp í 4. sæti og sendu Búlgaríu niður listann. Það varð þó ekki langlift því eftir fyrstu æfingu Ítala rauk lagið þeirra, Zitti e buoni, upp og er þeim nú spáð 3. sæti en Íslandi því fimmta.

Daði og félagar í Gagnamagninu stígu á svið í Rotterdam í annað sinn í gær. Tók hópurinn þrjú rennsli á sviði og skein gleðin úr andlitum.

Hópurinn vinnur hörðum höndum að því að finþússa sviðsetninguna á laginu.

Hópurinn var fullur sjálfstrausts á sviðinu. Daði sýndi sína venjubundnu leiðtogahæfileika og leiddi hópinn áfram.

Atriðið virðist vera tilbúið og er sviðsmyndin hrifandi. Enn virðist þó eftir að vinna úr einhverjum hnökrum með myndavélar og staðsetningar þeirra.

Á blaðamannafundinum eftir æfingu sagði Daði að sér liði vel. „Fyrir mér var smá breyting. Það er



Daði stillti sér glæsilega upp á blaðamannafundi í gær. MYND/GÍSLI BERG

móment þar sem ég lit í myndavélina þar sem ég gerði það ekki áður. Annars eru hreyfingarnar okkar mjög svipaðar,“ sagði Daði og bætti við að einhverjar breytingar yrðu gerðar og nefndi þar myndavélarnar.

Felix Bergsson, fararstjóri hópsins, sagði ljóst að hópnum hefði liðið betur á sviði nú. „Við erum mjög ánægð með þetta allt saman,“ sagði hann. Felix bætti svo við að Íslendingar væru fullfærir um að halda keppnina á næsta ári, hún þyrfti þó ekki endilega að fara fram í Reykjavík. ■

Segir biðlista í liðskipti þjóðarskömm

Listi þeirra sem biða eftir að komast í liðskiptaaðgerð annað hvort á hné eða mjöðm er langur. Sigurður Ingibergur Björnsson, framkvæmdastjóri Klíníkurinnar, segir það þjóðarskömm.

benediktboas@frettabladi.is

HEILBRIGÐISMÁL Um 1.600 manns biða eftir að komast í liðskiptaaðgerð annað hvort á hné eða mjöðm. Það er þjóðarskömm, segir Sigurður Ingibergur Björnsson, framkvæmdastjóri Klíníkurinnar í Ármúla. Það liggir fyrir að þessar aðgerðir eru sjúklingunum nauðsynlegar. Þeim muni ekki batna. Aðgerðirnar verði að gera og biðin valdi óþarfa þjáningum og jafnvel varanlegu heilsutjóni. „Það hefur ríkt samfélagssáttmáli um að hluti þess sem við fáum fyrir skattgreiðslur okkar séu góðar sjúkratryggingar, en talsvert vantar upp á að það gangi eftir,“ segir Sigurður.

Hann tekur dæmi um smíð sem er um fimmtugt sem verður fyrir því að hnéð bilar. Þá þarf viðkomandi jafnvel að vera á sterkum verkjalyfjum meðan hann biður í allt að tvö ár eftir að komast í aðgerð hjá hinu opinbera. Á meðan getur hann ekki unnið fyrir verkjum og verður skyndilega baggi á samfélaginu. „Auðvitað vildi maður hafa þetta þannig að fólk fengi meðferð strax þegar á þarf að halda. Ég efast um að ég myndi skipta aftur við tryggingafélag sem tæki sér tvö ár í að afgreiða tjón sem ég yrði fyrir, en þetta er eiginlega staðan sem þessi hópur þarf að búa við,“ segir Sigurður og bætir við:

„Ég tel að við þurfum að ná umræðunni um heilbrigðiskerfið upp úr skotgröfunum varðandi



Ótrúlega margir biða eftir að komast í liðskiptaaðgerð. Klíníkin gerði um 200 aðgerðir á síðasta ári en getur gert mun fleiri. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

„Það sem mér finnst vanta er að við horfum ekki bara á kostnaðinn við heilbrigðiskerfið heldur litum líka á ávinninginn.“

Sigurður Ingibergur Björnsson, framkvæmdastjóri Klíníkurinnar

einkarekstur eða ekki. Tökum saman höndum um að leysa þessi mál, því það er alveg hægt. Hagsmunir sjúklinga og upplifun þeirra af

heilbrigðiskerfinu er það sem skiptir máli.“ Hann bendir á að ef þessir 1.600 einstaklingar sem biða eftir liðaskiptaaðgerðum komist strax í aðgerðir og haldi út á vinnumarkaðinn sé það ekkert nema jákvætt fyrir samfélagið í heild.

„Það sem mér finnst vanta er að við horfum ekki bara á kostnaðinn við heilbrigðiskerfið heldur litum líka á ávinninginn. Ef við getum stuðlað að því að þessi hópur fái bót meina sinna og komist aftur út á vinnumarkaðinn og byrji að leggja aftur til samfélagsins er það jákvætt, því á meðan þau biða er það tjón fyrir samfélagið, fyrir utan að núverandi ástand leggur óþarfar þjáningar á þennan hóp.“ Hann segir að einkageirinn og hinn opinberi geti vel

unnið saman og það sé minna mál en margir halda. „Við erum að gera tiltölulega fáar tegundir af aðgerðum en við gerum mikið af þeim. Það leiðir til þess að framkvæmdin verður hagkvæmari og öruggari. Ég sé fyrir mér að einkageirinn geti á mjög hagkvæman hátt tekið að sér ákveðna aðgerðaflokka og þannig létt álagi af Landspítalanum.“

Enn sem komið er tekur hið opinbera ekki þátt í kostnaði við liðskiptaaðgerðir sem framkvæmdar eru á Klíníkinni heldur greiða sjúklingar aðgerðakostnaðinn úr eigin vasa. „Því miður er ekki mikil kostnaðarþátttaka frá hinu opinbera en það er bara eitthvað sem við stjórnnum ekki og því miður bitnar það beint á sjúklingunum.“ ■

Ríflega tvöföld eftirspurn í útboði Síldarvinnslunnar

JON@FRETTABLADI.IS

SJÁVARÚTVEGUR Hlutfjárútboði Síldarvinnslunnar lauk síðdegis á fimmtudag. Boðinn var til sölu ríflega fjórðungur útgefins hlutfjár eða 448 milljónir hluta. Reyndist eftirspurnin ríflega tvöföld hvort tveggja frá almenningi og fagfjárfestum.

Fram kemur á vef fyrirtækisins að seljendur hinna fölu hluta hafi samþykkt áskriftir fyrir 499 milljónir eða tæplega þriðjung hluta í félaginu. Þannig var tilboðun tekið í stærri hluta félagsins en ráðgert var. Samtals bárust áskriftir fyrir um 60 milljarða króna. Andvirði samþykktara áskrifta nam 29,7 milljörðum.

Í kjölfar útboðsins verða hluthafar í Síldarvinnslunni tæplega 7.000 talsins.

Á vef Síldarvinnslunnar segir Gunnþór Ingason, forstjóri félags-



Gunnþór Ingason, forstjóri Síldarvinnslunnar.

MYND/ADSEND

ins, að ánægjulegt sé að sjá áhuga almennings og fagfjárfesta á sjávarútvegi sem raun ber vitni.

„Ég vil bjóða nýja hluthafa velkomna í Síldarvinnsluna og þakka það mikla traust sem þeir hafa sýnt

félaginu og starfsfólki þess. Með fyrirhugaðri skráningu félagsins í Kauphöll verður Síldarvinnslan með þá sérstöðu að vera eina skráða félagið með höfuðstöðvar á landsbyggðinni,“ segir Gunnþór. ■

Viðarparket – Harðparket – Vínýlparket

Parket dagar

MIKIÐ ÚRVAL Á LAGER

ALLIR VINNA

ALFABORG

- allt á gólfid -

Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

Austurhöfn opnar

Með hækkandi sól færist líf í Austurhöfn. Íbúðirnar í þessum nýjasta borgarhluta Reykjavíkur eiga sér enga hliðstæðu í hönnun, efnisvali, tækni, þjónustu og aðgengi. Nálægðin við Reykjavíkurhöfn, Hörpu og iðandi mannlíf í miðborginni gerir Austurhöfn að einstökum stað. Íbúar Austurhafnar njóta jafnframt skjólgóðs einkagarðs og hafa beint aðgengi að veitingastöðum og þjónustu á Hafnartorgi. Hver íbúð hefur sinn eigin persónuleika sem hentar ólíkum kröfum. Austurhöfn er staður sem verður að upplifa.

Sannur miðbæjarandi

Tveggja herbergja íbúð í hæsta gæðaflokki. Rúmgott og vel skipulagt svefnherbergi, ítalskar gæðainnréttingar og snjallheimiliskerfi ásamt útsýni í einkagarð Austurhafnar af stórum og björtum svölum.

📍 Íbúð 216, Reykjastræti 7
2 herb. 71,6 m², Verð: 73,5 m.

Glæsileg, björt og opin


Vegleg stofa með einstöku útsýni að Hörpu og Reykjavartorgi. Rúmgott eldhús með hágæða aðstöðu býður gesti velkomna. Stórt baðherbergi með baðkari og fataherbergi.

📍 Íbúð 314, Reykjastræti 7
2 herb. 102,3 m², Verð: 110 m.

Taktu á móti gestum

Rúmgóð fjögurra herbergja íbúð á þriðju hæð í Austurhöfn. Svalir í báðum endum íbúðarinnar veita skemmtilegt útsýni yfir Hörpu og Reykjavartorg. Aukaherbergi með sérbaðherbergi og sér bílastæði í kjallara.

📍 Íbúð 312, Reykjastræti 5
4 herb. 146m², Verð: 149 m.



AUSTURHÖFN

101 REYKJAVÍK

austurhofn.is

MIKLABORG

Sími 569 7000
austurhofn@miklaborg.is



Fjöldadát-för fimmtán Palestínumanna sem létust í loftárás Ísraels í Gasa. Átökin á svæðinu eru þau hörðustu síðan 2014 og hafa minnst 83 látist á Gasa-svæðinu og sjö í Ísrael. Óttast er að ástandið versni á næstu dögum en Ísraelar hafa sent aukinn heraflo að landamærunum.



Íbúar Mjanmar halda ótrauðir áfram mótmælum gegn herstjórninni sem rændi völdum í landinu í upphafi febrúar. Hátt í átta hundruð hafa látið lífið í átökum við lögreglusveitir.



Ríkisstarfsmaður á Indlandi sótthreinsar brennslurými innan um lík af fólki sem lést af völdum Covid-19. Alls hafa 258 þúsund látið lífið af völdum kórónaveirunnar þar í landi. MYNDIR/EPA



Konur í Pakistan fá hendur sínar skreyttar með henna á fösturofshátíðinni Eid-al-Fitr. Þá fagna múslimar viðs vegar um heiminn lokum ramadanmánaðar.



Stefanía, sem flytur framlag Gríkklands til Eurovision í ár, við æfingar fyrir framan grænskjá í Rotterdam. Ef vel er athugað má sjá felulitaðan aðstoðarmann styðja við hana.

Ferðadagar BL

300.000 kr.
aukahlutir að eigin vali*

Komdu á Ferðadaga BL á Sævarhöfða ogaktu út í sumarið á nýjum bíl með veglegum aukahlutum sem passa við áhugamálin þín og lífsstíl.



Magnaður leiðtogi í tíu ár

Nissan
LEAF

Verð frá
4.490.000 kr.

100%
rafmagn



RENAULT

**Rafmagnað
ár hjá Renault**
5 ára ábyrgð

Renault
**Captur
E-Tech**

Verð frá
4.490.000 kr.

Plug-in
Hybrid

Renault
**Megane
E-Tech**

Verð frá
4.790.000 kr.

Plug-in
Hybrid



Isuzu
D-Max
Fjór hjóladrífinn
Verð frá
7.090.000 kr.

ISUZU
**Fimm stjörnu
bylting í
pallbílum**



BMW
225xe
Fjór hjóladrífinn
Verð frá
6.690.000 kr.

Plug-in
Hybrid

**Sportlegi
tvisturinn frá
BMW**



MINI
**Cooper SE
3 dyra**
Verð frá
5.190.000 kr.

100%
rafmagn



**Nýr og
rafmagnaður
MINI Cooper**
4 ára ábyrgð

**Hannaður
fyrir íslenskar
aðstæður**



SUBARU
XV e-BOXER
Fjór hjóladrífinn
Verð frá
6.490.000 kr.



Pverbogar



Hjólafestingar



Dráttarkrókar



Farangursbox

Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir?

Þú getur valið úr hundruðum spennandi aukahluta til að fullkomna nýja bílinn og gera áhugamál fjölskyldunnar ennþá skemmtilegri. Skoðaðu úrvalið á www.bl.is

* Aukahlutir að andvirði 300.000 kr. fylgja öllum nýjum bílum nema MG.

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Lúxusvandi



Hörður Egiðsson
hordur@frettabladid.is

Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hafa sýnt styrk sinn fyrir efnahagslífið í þeim þrengingum sem faraldurinn hefur valdið. Á sama tíma og gjald-eyristekjur ferðabjónustunnar nánast þurrkuðust út og orkufrekur iðnaður varð fyrir miklu höggi þegar hrávöruverð fór hriðlækkandi þá skilaði sjávarútvegurinn 270 milljörðum í útflutningsverðmæti í fyrra og jukust þær tekjur – mælt í erlendri mynt var lítills háttar samdráttur – um fjögur prósent á milli ára. Mikil tækifæri eru hins vegar enn til vaxtar í sjávarútvegi og tengdum greinum, einkum fiskeldi, eins og kemur fram í skýrslu um stöðu og horfur í atvinnugreininni sem sjávarútvegsráðherra kynnti í vikunni. Þar er því spáð að verðmæti sjávarafurða geti næstum tvöfaldast fram til 2030 og orðið um 615 milljarðar.

Hvaðan á þessi vöxtur að koma? Hefðbundnir nytjastofnar eru fullnýttir, sem þýðir að vöxturinn getur ekki komið úr meiri afla, heldur þarf þess í stað að horfa til betri nýtingar hráefna, aukinnar framleiðni og almennt meiri verðmæta- og nýsköpunar. Samkvæmt skýrslunni er talið að mesta aukningin í útflutningsverðmætum eigi eftir að verða í fiskeldi. Þannig muni virði eldisafurða, sem nam 25 milljörðum á árinu 2019, margfaldast og verða um 125 milljarðar eftir áratug. Þessi mikli vöxtur þýðir, eins og forstjóri Samherja sagði í viðtali við Markaðinn fyrr á árinu, að innan örfárra ára verða þrjú af sex stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins laxeldisfyrirtæki en öll þau félög eru í dag að stórum hluta í eigu Norðmanna.

Í skýrslunni er vakin athygli á því sem flestir vissu fyrir. Vegna fiskveiðistjórnunarkerfisins, sem hefur stuðlað að hagræðingu og mikilli verðmætasköpun í sjávarútvegi sem öll þjóðin nýtur ávinnings af, eru útgerðarfyrirtækin með samkeppnisforskot á sína helstu keppinauta frá öðrum þjóðum. Íslenskar útgerðir, sem eiga í blóðugri og harðnandi alþjóðlegri samkeppni, eru á sama tíma litlar á heimsvísu og eiga erfitt með að ná fram meiri stærðarhagkvæmni. Þrátt fyrir það stendur greinin afar styrkum fótum og við búum við þann lúxusvanda að deila um hversu mikið fyrirtækin eigi að greiða í gjöld vegna afnota af auðlindinni en ekki hversu háum fjárhæðum eigi að verja úr ríkissjóði, eins og á við um önnur ríki innan OECD, til að styðja við sjávarútveginn. Eigi að takast að ná fram enn betri afkomu í atvinnugreininni, sem gæti skilað sér í auknum samfélagslegum ábata eins og nefnt er í skýrslunni, er hins vegar ljóst að hækka þyrfti kvótaþakið en það stendur nú í tólf prósentum.

Pólitískur vilji til slíkra breytinga, sem eru umdeildar, gæti skapast samtímis dreifðara eignarhaldi á sjávarútvegsfyrirtækjum. Vel heppnað hlutafjárútböð Sildarvinnslunnar sýnir að það er mikill áhugi fyrir því hjá fjárfestum og almenningi að verða þátttakendur í þessari mikilvægu atvinnugrein þjóðarinnar. Rúmlega 29 prósent hlutur var seldur fyrir nærri 30 milljarða og fjöldi hluthafa í Sildarvinnslunni verður um sjö þúsund talsins þegar félagið verður skráð á hlutabréfamarkað síðar í mánuðinum – aðeins Íslendair og Arion eru með fleiri hluthafa innan sinna raða í Kauphöllinni. Nú eru tvö af stærstu útgerðarfyrirtækjum landsins komin á markað – Brim var þar fyrir – og vonandi að fleiri, meðal annars fiskeldisfyrirtæki, fylgi í kjölfarið á komandi árum. ■

Halldór



Frá degi til dags

toti@frettabladid.is

Tvíhöfði

Margt er líkt með flokksbræðrum og þannig lendir Brynjar Nielsson itrekað í því að Óli Björn Kárason verður fyrri til að koma hugsunum hans í orð. „Kemur æ oftast fyrir að Óli Björn skrifar um það sem ég ætlaði að segja. Kannski er skýringin sú að við fæddumst með nokkurra daga millibili í upphafi viðreisnar þegar enn voru skömmtnunarmiðar og eina netið var veiðarfæri,“ skrifaði Brynjar, ekki Óli Björn, þegar hann deildi Morgunblaðsgrein Óla Björns á Facebook en í henni rakti hann rætur pólitískra hugsjóna sinna. Og Brynjars væntanlega.

Bannárið

Brynjar var þó fyrri til á uppstigningardag þegar hann boðaði dauðastríð ÁTVR sem á að hans mati lif sitt undir „ríkiseinokunarblæti“ sem þeim Óla Birni leiðist ákaflega. Sjálfstæðisflokksfélagi þeirra, Ásmundur Friðriksson, hefur einnig verið með hugann við áfengið undanfarið en í þrengra samhengi. Hann hefur áhyggjur af því að full mikið af lager ÁTVR berist inn í þinghúsið og viðurar hugmyndir um að gera það að vímuefnalausum vinnustað. Kannski ágætis hugmynd en fellur varla vel að hugmyndum skömmtnunarmiðafóstbræðrana. ■

Sjálfstæðisstefnan er umhverfisvæn



Diljá Mist Einarssdóttir
hæstaréttarlögmaður og í 3. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

Það er dyggð og góð venja að ganga vel um. Þetta reynum við flest að temja okkur og ala upp í börnunum okkar. Á bak við þann sjálfsgaga og uppeldi eru þó oftast ekki djúpar hugmyndafræðilegar ástæður. Það er einfaldlega það sem við vitum flest að er rétt að gera, bæði fyrir okkur sjálf og aðra. En að huga af alúð að sínu nánasta umhverfi er einnig hluti af sáttmála til þess að stuðla að góðu og mannvænu samfélagi, og ekki síst að finna leiðir til þess að nýta auðlindir okkar á sjálfbæran, arðbæran og ábyrgan hátt.

Merkasta framlag okkar Íslendinga í umhverfismálum felst í þekkingu, færni og reynslu af því að nýta umhverfisvænar lausnir. Drifkrafturinn á bak við slíkar lausnir er efnahagslegur og yfir því hafa ýmsir séð ofsjónum í gegnum tíðina. Einkaframtak í hagnaðarskyni og umhverfisvernd eru ekki andstæður. Einkaframtakið, drifkraftur markaðarins, er þvert á móti forsenda þess að við náum metnaðarfullum markmiðum í loftslagsmálum. Þar getum við Íslendingar gegnt lykilhlutverki.

Sagan kennir okkur

Þegar horft er til langs tíma skiptir mestu máli að til staðar sé sáttmáli sem allir virða. Sjálfstæðisstefnan byggist á því að nýta frumkvæði og drifkraft einstaklinga sem keppast á frjálsum markaði við að nýta auðlindir sem best innan sanngjarns ramma laga. Sagan kennir okkur að samkeppni á markaði um sífellt betri nýtingu auðlinda er heilladrýgri fyrir bæði umhverfi og efnahag en miðstýrð áætlanagerð.

Það er siðferðisleg skylda okkar Íslendinga að ganga af skynsemi og alúð um hið fallega og gjöfula umhverfi sem okkur er falið til varðveislu. Þótt engar lausnir séu fullkomnar og ýmsir brestir geti átt sér stað, þá vitum við að besta leiðin er að nýta krafta einkaframtaks og markaðsfrelsis. Þannig getum við áfram verið til fyrirmyndar í umhverfismálum. ■

Þegar horft er til langs tíma skiptir mestu máli að til staðar sé sáttmáli sem allir virða.

Asha



Hljó og faguð hönnun Asha rúmana koma í einstaklega fallegum kopar, stáli eða úr sterkum beikikrossvið. Asha býður upp á háa og lága útfærslu í mismunandi litum. Kíktu við í Vest, Ármúla 17 og skoðaðu sýnishornin.

xam

Ármúli 17

620 7200

Fáanlegur í margvíslegum útfærslum

Eitt sinn skal hver deyja... og eitt sinn skal hver lifa

Í dag



Þórlundur Kjartansson

Mikil spennan ríkir um hversu lengi hraun mun renna í Geldingadöllum. Gosinu var í fyrstu lýst sem „hálfgerðum ræfli“ en hefur síðan mótmælt þeirri staðhæfingu og tekið upp á ýmsum brögðum til þess að minna á mátt sinn. Engu að síður virðist sem líta megi á gosið sem enn eina íslensku gjaldeyrisskapandi náttúruauðlindina og fer vonandi fljótt að laða til sín bólusetta túrista með sín troðnu dollaraveski og rauðglóandi segulrendur á kreditkortunum. En hingað til höfum við, íbúar þessa lands af öllum mögulegum uppruna, fengið að njóta þess að eiga það út af fyrir okkur.

Sjálfvirkur teljari við gosstöðvarnar hefur talið ríflega 90 þúsund ferðir þangað. Í þeim hópi eru eflaust margir sem höfðu ekki áður séð fyrir sér að þeir væru týpurnar sem skelltu sér galvaskar á vettvang náttúruhamfara bara til þess að njóta sjónarspilsins. Margir hafa svo farið aftur og aftur og hafa göngu-leiðirnar suma dagana orðið eins og edrú útihátíð—fólk mætist skælbrosandi og létt í lund, allir ánægðir með sig að hafa farið af stað, kannski þurft að fara út fyrir gamla þægindarammann og skipta út ögn af ótta fyrir ógleymanlega lífsreynslu. Margar kynslóðir mætast og eiga saman góða og heilbrigða upplifun.



Krafan um algjört öryggi í lífinu getur aldrei endað með öðru en vonbrigðum.

Utan skipulagsvaldsins

Þetta virðist ósköp eðlilegt, en þó er öruggt að ef framtakssamt athafna-fólk í Grindavík hefði sótt um leyfi hjá skipulagsyfirköndum til að búa til eldgos og leyfa hundrað þúsund manns að ganga þangað mestmegnis án eftirlits og dvelja þar eftir eigin höfði, hafa engin reipi til að tryggja fjarlægð frá glóandi gosinu, þá hefði því verið hafnað með yfirgnæfandi þjósti. Hugmyndin um að hleypa fólki á öllum aldri í seilingarfjarlægð við mörgþúsund gráðu heitt bráðið berg og margvíslegar eitruðar gas-tegundir hefði þótt algjörlega fráleit. En svo virðist að þegar á reynir þá sé fólk ekki eins ofdrekraðir bómullarbossar og stundum er af látið. Langflestir fara mjög varlega og sýna aðstæðunum tilhlýðilega virðingu. Raunveruleg ævintýri krefjast varkárni, yfirvegunar og hugrekki. Kannski hefði eldgosið ekki getað komið á betri tíma. Ótti og uppburðarleysi hefur verið býsna ríkjandi í samfélaginu síðan heimsfaraldurinn hófst—og kannski mun lengur. Þeirri hugmynd að veröldin sé fyrst og fremst hættuleg, er haldið að okkur úr öllum áttum. Fjölmiðlar um heim allan þrífast á því að segja frá ólíklegum atburðum sem geta vakið ugg, kvíða og ótta. Minna vægi fær umfjöllun um hversu fagur, skemmtilegur og ævinýrlegur heimurinn getur verið og hversu margs má hlakka til og njóta.

Faraldurinn kom inn í umhverfi þar sem fólk á Vesturlöndum var farið að ganga út frá því að öryggi sé ætíð kyrfilega tryggt. Til eru mörg sorgleg dæmi um það í Afríku að

vestrænir ferðamenn hafi anað út í dauðann í þeirri trú að ef dýrin væru raunverulega hættuleg þá væru þau í búi. Sjálfur hékk pistlahöfundur hálfur út úr fólksbíl til að ná ljósmyndum af ljónum í Suður-Afríku fyrir nokkrum árum, en komst að því síðar sama dag á internetinu að tveir aðrir fíflðjafir ferðamenn hefðu endað í meltingarfærum villidýranna skömmu áður eftir álíka gáfulegt athæfi. En stundum þarf að taka smá áhættu ef maður vill upplifa eitthvað fallegt.

Eitthvað slæmt eða gott

Óttinn við að „eitthvað slæmt“ geti komið fyrir virðist vera mjög ríkjandi á Vesturlöndum, ekki síst hjá ungu fólki. Mest af öllu er það auðvitað óttinn við hinn óhjákvæmilega dauða. Það er jafnvel flokkað sem áfall þegar háaldrað fólk fær að sigla friðsamlega inn í eilífðina.

Þó eru það engin nýmæli hver gangur lífsins er. Menn hafa löngum vitað að það er einmitt vegna þess hversu fagurt kraftaverk

lífið sjálft er að við berum í brjósti beyg gagnvart dauðanum. Stærsta syndin gagnvart lífinu er því ekki sú að hafa ekki nógu miklar áhyggjur af dauðanum, heldur einmitt að vera svo upptekin af honum að þora ekki að njóta lífsins—að vera svo heltekinn af hræðslu við endalokin að maður gleymi að lifa. Og vera svo hræddur við að misstíga sig í lífinu að maður þori aldrei að spretta úr spori.

Krafan um algjört öryggi í lífinu getur aldrei endað með öðru

en vonbrigðum. Og það sem meira er—væntingar í þá veru leiða án nokkurs vafa til bæði líkamlegrar og andlegrar vanlíðunar—og gera lífið bara leiðinlegt til lengdar. Að njóta lífsins með hæfilegri ævintýraþrá og hugrekki, til dæmis með því að fara á gosstöðvar og upplifa nýja hluti, felur alltaf í sér einhverja áhættu. En hún getur svo sannarlega verið þess virði. Það er nefnilega aldrei að vita nema „eitthvað gott“ geti komið fyrir. Við lifum jú bara einu sinni; að minnsta kosti bara einu sinni í einu. ■



ÚRSLITAKEPPNI

AÐEINS 3.990 KR./MÁN.

**SPORT**

Tryggðu þér áskrift í dag á **stod2.is**



Dak Prescott

Leikstjórnandinn skrifaði undir nýjan samning við Dallas Cowboys í NFL-deildinni á dögunum og fékk rausnarlega bónusgreiðslu um leið. Með bónusnum fær hann betur greitt en Messi á þessu ári en auglýsingatekjur Prescotts eru ekkert í líkingu við það sem hinir þéna.



Conor McGregor

Írski bardagakappinn sem keppir í UFC er efstur á lista Forbes í fyrsta sinn. Íslandsvinurinn tapaði fyrsta bardaga sínum í rúmt ár fyrr á þessu ári en mætir Dustin Poirier aftur í júlímánuði. Hann þénaði vel þegar hann seldi eignarhlut sinn í viskifyrirtækinu Proper Twelve og lýsti á dögunum yfir áhuga á að kaupa Manchester United.



Lionel Messi og Cristiano Ronaldo

Ótrúlegar launatölur Lionels Messi komu fram á sjónarsviðið fyrr á þessu ári þegar samningi Messi var lekið á netið. Messi er í sérflokki þegar kemur að vikulaunum en er samningslaus á næstu vikum og er í sterkri samningsstöðu enda mörg lið sem renna hýru auga til snillingsins. Messi er með betri laun en Cristiano Ronaldo en Portúgalinn hefur betur í styrktarsamningum utan vallar. Ronaldo varð fyrsti einstaklingurinn til að vera með meira en fimm hundruð milljónir fylgjenda á samskiptamiðlum fyrr á þessu ári.

Hundrað milljón dollara mennirnir

Í fyrsta sinn eru fjórir íþróttamenn með tekjur upp á rúmlega hundrað milljónir dala á ársgrundvelli. Flestir þéna vel utan vallar en Naomi Osaka sækir á efstu menn.

kristinnpall@frettabladid.is

ÍÞRÓTTIR Samkvæmt nýjasta lista Forbes munu fjórir íþróttamenn þéna meira en hundrað milljónir dollara á þessu ári, eða 12,5 milljarða króna. Það er í fyrsta sinn sem svo margir íþróttamenn ná að kljúfa hundrað milljóna dollara múrinn á einu ári. Engin kona kemst á lista yfir tíu tekjuhæstu íþróttamenn ársins en tenniskonan Naomi Osaka saxar á bilið.

Heimsfaraldurinn hefur haft gríðarleg áhrif á tekjur í íþróttum. Einstaklingarnir sem þéna yfir hundrað milljónir dala, Dak Prescott, Cristiano Ronaldo, Lionel Messi og Conor McGregor, eiga það allir sameiginlegt að þéna vel utan vallar. ■



Naomi Osaka og Serena Williams

Serena Williams hefur verið í sérflokki þegar kemur að tekjulista íþróttakvenna undanfarinn áratug en arftaki hennar í tennisíþróttinni, Naomi Osaka, varð í fyrra tekjuhæsta íþróttakona heims með 37,4 milljónir dollara. Með því lenti Naomi í 29. sæti yfir tekjuhæsta íþróttafólk heims á síðasta ári og setti nýtt met yfir hæstu tekjur íþróttakonu á einu ári.

Leyndarmál hvannarrótar

- Loft í maga? Glímir þú við meltingartruflanir?
- Næturbroltt Erú tíð þvaglát að trufla þig?

ICEHERBS NATURAL SUPPLEMENTS

100% náttúruleg hvannarrót

60 HYLKI | FÆÐUBÓÐSMEÐI

Fæst í næsta apóteki, heilsuvörverslun, Hagkaupum og Nettó.

Keflavík bætir sætum við stúkuna

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Bæjarráð Keflavíkur-bæjar samþykkti á síðasta fundi að veita knattspyrnudeild Keflavíkur styrk upp á tvær milljónir króna til þess að kaupa ný sæti á heimavöll félagsins.

Félagið hafði skilað inn erindi þess efnis og var ákveðið að sætin yrðu keypt í samráði við Kristín Jakobsson, innkaupastjóra og knattspyrnudeild Keflavíkur.

„Við erum auðvitað bara himinlifandi með þessar fregnir. Þetta gerir okkur kleift að bæta 200 til 300 sætum við stúkuna okkar sem hefur vantað til að ná þeim sætafjölda sem við viljum geta boðið upp á,“ segir Jónas Guðni Sævarsson, framkvæmdarstjóri knattspyrnudeildar Keflavíkur.

„Það er búið að kvarnast úr stúk-



Það er kominn tími á endurnýjun á stúkunni í Keflavík. MYND/GOOGLE MAPS

unni okkar undanfarin ár sem gerir það að verkum að þetta verða kærkomnar framkvæmdir,“ segir Jónas

sem átti erfitt með að segja hvenær síðast var farið í framkvæmdir við stúkuna. ■

ALLT

KYNNINGABLAÐ

FÖSTUDAGUR 14. maí 2021



Aðgerðasinninn Peter Benenson stofnaði Amnesty International.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Óskað eftir aðgerðasinnum

sandragudrun@frettabladid.is

Stjórn Íslandsdeildar Amnesty International óskar eftir tilnefningum um aðgerðasinna sem barist hafa fyrir réttlátari heimi. Í tilefni af 60 ára afmæli samtakanna þann 28. maí mun Íslandsdeildin veita viðurkenninguna Aðgerðasinni Amnesty International. Afhending viðurkenningarinnar fer fram á sjálfum afmælisdeginum, í Pósthússtræti. Þar mun Íslandsdeildin opna sýningu um sögu samtakanna og mannréttindasigra síðustu 60 ára.

Blöskraði óréttlætið

Upphaf Amnesty International var þegar breska lögfræðingnum Peter Benenson blöskraði óréttlætið í heiminum og skrifaði grein þar sem hann kallaði eftir því að fólk gripi til aðgerða fyrir fólk sem var í fangelsi fyrir skoðanir sínar. Mörg dæmi eru um kraftmikla einstaklinga sem grípa til aðgerða gegn óréttlæti og ná fram jákvæðum árangri. Íslandsdeildin vill gefa kraftmiklu og frambærilegu fólki meðbyr og hvatningu í aðgerðum sínum í þágu mannréttinda. Amnesty vill með viðurkenningunni hvetja þau áfram til góðra verka. Upphaf Amnesty sýnir vel að oft þarf aðeins einn einstakling til að hefja alheimshreyfingu. Tilnefningar má senda á amnesty@amnesty.is og rennur festurinn út á miðnætti í kvöld. ■



Ólafía Þórunn geislar af fegurð og hamingju komin rúma sjö mánuði á leið. Hún nýtur þess að vera góð fyrirmynd og láta gott af sér leiða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Stjörnustjörf með Tiger Woods

Ólafía Þórunn Kristinsdóttir kann því vel að geta fyllt á ísskápinn heima á Íslandi. Hún á von á sér í júlí og var snortin af óvæntum stuðningi landa sinna hér og þar um heiminn.

„Í fyrsta sinn sem ég sá Tiger Woods fékk ég stjörnur í augun. Litla frænka hans, golfkonan Cheyenne Woods, er ein af mínum bestu vinkonum en við kynntumst á háskólaárunum í Norður-Karólínu. Við förum saman til að fylgjast með Tiger á móti og Cheyenne heilsaði upp á frænda sinn. Ég talaði ekkert við hann en fékk þar að vera í hans innsta hring og fann hvernig hjartað hamaðist ótt og titt, enda er Tiger með afar sterka nærveru og allt spilar saman, hvernig hann ber sig og er stór persóna,“ segir Ólafía Þórunn

Kristinsdóttir, atvinnukylfingur og fyrst Íslendinga til að tryggja sér rétt á LPGA-mótaröðinni. Ólafía tók örlagaríka ákvörðun þegar hún skraði sig til náms við Wake Forest-háskólann í Norður-Karólínu árið 2010. „Já, þar var allt að gerast. Ég eignaðist mjög góða vinkonu í Cheyenne og fann ástina í örmum Þjóðverjans Thomas Bojanowski árið 2012. Hann er hlaupari í grunninn og hafði aldrei spilað golf þegar við felldum hugi saman. Ég hef kennt honum sitthvað síðan og hann er fljótur að bæta

sig en fær greyið lítinn tíma til að ná framförum þar sem hann er alltaf til staðar fyrir mig, stundum kylfuberi og alltaf svo góður við mig. Ég er sannarlega heppin að eiga hann að,“ segir Ólafía um sinn heittelskaða. Frá Wake Forest-háskóla útskrifaðist Ólafía úr hagfræði og frumkvöðlafræði árið 2014. „Mér finnst gott og praktískt að kunna hagfræði en áhugasvið mitt stendur nær frumkvöðlafræðinni. Ég nota hana mikið í dag og á eftir að gera enn meira af því í framtíðinni.“

Bronsmedalía kveikti neista Ólafía ólst upp í Mosfellsbæ fyrstu æviárin en flutti í Grafarholtið á unglingsaldri. „Ég var níu ára þegar ég byrjaði í golfi. Þá var ég drifin út á golfvöll með fjölskyldunni sem var öll í golfi og við bjuggum rétt hjá Hlíðavelli. Ég man eftir fjölskyldustundum á golfvöllinum þar sem þau voru öll að brillera en ég ekki. Golf tekur líka þokkalega langan tíma og ég var iðulega mjög óþolinmód og fannst golfhringurinn ganga alltof hægt, en svo breyttist það með aukinni getu og þroska,“

segir Ólafía sem fljótlega sótti golfnámskeið fyrir börn á vegum Golfklúbbs Mosfellsbæjar. „Fyrsta golfminningin er frá þeim námskeiðum. Við vinirnir skráðum okkur saman og haldin voru lítill golfmót til að hvetja krakkana áfram. Ég vann bronsmedalíu á einu mótinu og fannst það geggjuð upplifun, þótt keppendurnir væru bara þrír. Medalían kveikti einfaldlega í mér.“

Ólafía vann sinn fyrsta Íslands-meistaratitil fjórtán ára en áður lenti hún oftast í fjórða sæti. „Orðin Íslandsmeistari tók ég málin í mínar hendur og byrjaði að æfa mig sjálf á milli æfinga. Auðvitað segjast allir krakkar ætla að verða best á Íslandi, atvinnumenn og komast á stærstu mót heimsins, en innst inni trúa þau ekki endilega á að það verði að veruleika. Ég var svolítið þar, en svo tekur maður þetta skref fyrir skref, kemst lengra og lengra og brýtur múrinn sem maður ætlaði sér yfir. Þá allt í einu verður þetta möguleiki og raunsærra en að sjá það í hillingum.“

Andlegt jafnvægi mikilvægt
Ólafía hefur undanfarin ár verið atvinnumaður í íþróttinni. „Það er eitthvað heillandi við það að bæta sig og sjá hversu langt maður getur náð. Golf getur verið virkilega krefjandi, maður er sífellt að reyna að bæta sjálfan sig og í góðum hring þarf maður að vera í góðu andlegu jafnvægi og búinn að æfa líkamlegar hreyfingar til fulls.“

Spurð um sína helstu styrkleika svarar Ólafía: „Ég er nokkuð jöfn í öllu en svo koma tímabil þar sem ég næ hámarksárangri á einstaka sviðum. Stundum er ég sérlega fær í að putta eða þá í að slá mjög nálegt hulu. Ég átti líka tímabil þar sem ég var afar sterk andlega og höndlaði fullt af hlutum sem ég furða mig á, eftir á að hyggja.“ Hún segir mestu áskorunina að keppa á stórmótum erlendis. „Til lengdar er þau það erfiðasta við atvinnumennskuna. Þá er maður undir pressu í hverri viku, fær aldrei að slaka á og þarf alltaf að vera á tánum og 100 prósent undirbúinn. Nú þegar ég hef tekið hlé frá keppni finn ég hvað það er miklu léttara að vera ekki alltaf í pressuumhverfi, að þurfa að ganga í gegnum niðurskurði á mótum og keppa við 120 manns. Til þess þarf gífurlegan aga og góða hvíld á milli. Maður nær því ekki alveg, en ég læri.“



Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is

Ólafía Þórunn á von á sínu fyrsta barni í byrjun júlí og hlakkar mikið til móðurhlutverksins. Hún segir planið að fara aftur í atvinnumennsku eftir að fæðingarorlofi lýkur. **FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK**

Fengu að kíkja í pakkann
Kórónaveiran hefur sæð til þess að golfmótum heimsins hefur verið aflýst trekk í trekk. Af þeim sökum hefur Ólafía mestmegnis verið á Íslandi á tímum heimsfaraldursins. „Ég hef ekki verið svona lengi heima í langan tíma, og þótt ég þjáist ekki af heimþrá verð ég stundum þreytt á að lifa í ferðatösku. Þegar maður er langdvölum fjær lærir maður að meta litlu hlutina, eins og að fylla á ísskápin sinn, og mér finnst kærkomið að geta átt venjulegt líf í smá tíma,“ segir Ólafía. Hún á von á sínu fyrsta barni í byrjun júlí. „Ég er spennt fyrir móðurhlutverkinu og hlakka til að kynnast þessari litlu manneskju og eiga dagana með henni. Mér hefur liðið vel á meðgöngunni og við Thomas fengum að kíkja í pakkann. Ég fór í mína fyrstu skoðun í býskalandi og Þjóðverjar hafa annan hátt á þegar þeir skoða barnshafandi konur. Þeir taka blóðprufu þar sem kynið kemur strax fram og við fengum að vita hvers kyns var. Við höfðum vitaskuld val um það en sögðum strax bara já! og við eigum von á strák,“ segir Ólafía hamingjusöm.



„Ungbörn eru svo mikið í núinu og halda manni þar. Þetta verður vafalaust íþróttamaður, hvort sem það verður í golfi, hlaupum eða hverju sem hann vill,“ segir Ólafía og hlær. Hún er hætt að iðka golfsveifluna því líkaminn vildi ekki vinna með henni á meðgöngunni. „Í stað þess kenni ég golf sem er skemmtileg tilbreyting. Að halda sér í hópi þeirra bestu kostar stöðugar æfingar og marga morgna hef ég þurft að vakna klukkan fimm að og komið heim klukkan sex að kvöldi. Dagar á keppnisvikum eru líka mjög langir. Atvinnumennskan getur því verið mjög ýktur heimur en ég vil vera hluti af honum. Það er þess virði,“ segir Ólafía sem hyggst snúa aftur í atvinnumennsku eftir fæðingarorlofið. „Ég tel mig ekki þurfa að fórna golfferlinum við það að verða móðir. Það verður vissulega meira krefjandi, en í dag er búið að gera mikið á mótariðum til að hjálpa mæðrum í golfi að byrja fyrr og alls kyns aðstoð veitt. Ég sé helst fyrir mér að þurfa að fórna svefni en ég er ekki ein og Thomas verður okkur líka til halds og trausts.“

Óvæntur og kær stuðningur
Ólafía vekur hvarvetna athygli fyrir liflegt og glaðlegt fas. „Ég er lifsglöð og hress að eðlisfari en á auðvitað líka mín móment þar sem ég er ekki jafn kát. Ég reyni að taka lífinu létt og ekki of alvarlega, þótt maður detti auðvitað í þann pólinn líka, en ég reyni að njóta augnabliksins og þess sem er. Allir lenda í því að gagnrýna sjálfan sig og það geri ég líka, en allt verður auðveldara þegar maður hefur samúð með sjálfum sér í stað þess að keppast í sífellu við að gera allt fullkomið. Maður kemst lengra á gleði og jákvæðni.“ Á barnsaldri dreymdi hana um að verða læknir, tannlæknir eða dýralæknir. „Ég vildi hjálpa fólki og dýrum, og hef það enn að leiðarljósi. Ég vil hafa góð áhrif á fólk og veita gleði í líf þess. Ég er þakklát fyrir allan stuðning sem ég hef fengið og það getur verið rosalega gaman að vera í sviðsljósinu, en allt þarf það að vera í réttu jafnvægi. Ég nýt þess að vera góð fyrirmynd og geta notað þennan vettvang til að gera eitt-hvað gott,“ segir Ólafía sem vekur ætíð eftirtekt sem Íslendingur á mótum úti.

„Á fyrstu LPGA-mótaröðinni var lítið á mig sem hálfbert olnbogabarn, verandi litli aðilinn sem var einn á mótinu. Við Íslendingar vekjum alltaf áhuga og sem golfarar græðum við alltaf á því að vera sterk í erfiðum aðstæðum, eins og í kulda og trekki.“ Einn af hápunktunum á golfferli Ólafíu hingað til kemur svo kannski mörgum á óvart. „Auðvitað stendur upp úr að komast á LPGA-mótaröðina og í gegnum öll þrjú úrtökumótin þar sem ég stóð mig vel,“ segir Ólafía en greinir líka frá annarri kærri minningu. „Á síðasta LPGA-úrtökumótinu mættu óvænt þrjátíu Íslendingar til að styðja við bakið á mér og peppa mig áfram, fólk sem var fyrir tilviljun í frii á Flórída. Mér þótti undurvænt um það og átti alls ekki von á neinu slíku, en á hverju einasta móti mætti minnst einn Íslendingur til að hvetja mig til dáða, hvort sem það var á Bahamaeyjum, í Taívan eða Malasíu. Eftir hringinn komu þeir til að heilsa upp á mig, sem var mjög skemmtilegt og það snart mig; samstaðan, samhugurinn og stuðningurinn.“ ■

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Viglundsson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.



Völlurinn fær mikið hól fyrir umhverfi, umhirðu og ekki síst útsýni.


Bárarvöllur er par 72, 5.400m á gulum og 4.600m á rauðum. Í golfskála er hægt að fá léttar veitingar.

Gamla pósthúsið er gistiheimili í miðbæ Grundarfjarðar með dásamlegt útsýni til sjávar og fjalla. Öll herbergi eru með sérbaðherbergi og á neðri hæð er sameiginleg eldhúsaðstaða.

Tilboðsverð er 30.900 kr og gildir til 1. júlí. Innifalið er gisting í tvær nætur fyrir tvo, tveir dagar á Bárarvelli, ein sundferð og heimsókn í klifurhúsið Klifurfell.

Til að panta skal hafa samband við gistipantanir@outlook.com eða s:430-8040 **topo.is**

NIKE GOLFVÖRUR



Nike Victory golf polobolur



Nike Victory rennd golfpeysa



Nike Flex Slim herra golfbuxur
Nike Flex Victory dömu golfbuxur



Nike Dura Feel golfhanski



Nike Infinity G golfskór
Stærðir: 37,5-47,5



Nike React Ace Tour golfskór
Stærðir: 36,5-41



Nike Air Zoom Infinity Tour golfskór
Stærðir: 37,5-46



Nike AeroBill Visor der



Nike Infinity G golfskór
Stærðir: 36-47



Nike React Infinity Pro golfskór
Stærðir: 36,5-46



Nike React Infinity Pro golfskór
Stærðir: 37,5-46



Nike AeroBill derhúfa



NIKE GOLFVÖRURNAR FÁST Í **H VERSLUN** OG Á **HVERSLUN.IS**
H VERSLUN - LYNGHÁLS 13 - OPIÐ ALLA VIRKA DAGA KL. 12-17

Vönduð kennsla í æðislegu umhverfi

Úrval Útsýn býður upp á golfferðir til Spánar þar sem hægt er að fá vandaða kennslu frá menntaða golfkennaranum Karen Sævars. Hægt er að setja saman ferð eftir eigin hentugleika og kennslan er fyrir kylfinga í öllum gæðaflokkum.

Úrval Útsýn býður upp á golfferðir á Meliá Villaitana, sem er ein af helstu golfperlum Spánar. Hótelíð er aðeins í 40 mínútna akstursfjarlægð frá Alicante og stendur við tvo mjög góða 18 holu golfvelli sem henta kylfingum í öllum gæðaflokkum. Úrval Útsýn býður einnig upp á golfskóla á sama stað með Karen Sævars. Skólinn stendur yfir í fimm daga og kennt er í þrjár klukkustundir í senn.

Karen Sævars er menntaður LPGA-golfkennari og nýr fararstjóri hjá Úrval Útsýn. Hún hefur ferðast víða og leikið mikið, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Karen hefur kennt og þjálfað kylfinga á Íslandi í yfir 10 ár og er áttfaldur Íslandsmeistari kvenna í golfi.

„Úrval Útsýn ætlar að halda áfram að vera með golfferðir á Alicante og líka á El Plantio, en það eru tveir vinsælir staðir sem þau hafa farið lengi á,“ segir Karen. „Það eru ferðir í boði á ákveðnum dagsetningum en fólk er ekki endilega bundið ákveðnum dögum, heldur er líka hægt að velja eigin dagsetningar og það fara tvö flug út á viku, svo að fólk getur púslað



Karen er menntaður LPGA-golfkennari og nýr fararstjóri hjá Úrval Útsýn.
MYND/ADSEND

þessu saman eftir hentugleika og ráðið hvenær það kemur og hvenær það fer heim.

Ég hef verið fararstjóri á Villaitana í yfir fimm ár og Úrval Útsýn ætlar að halda áfram að vera þar með mér og við sérsmíðum ferðir fyrir fólk,“ segir Karen. „Svo er ég sjálf með sérferðir, kennslu-



Fólk er ekki bundið ákveðnum dögum og getur ákveðið sjálft hvenær það kemur og hvenær það fer. Tvö flug á viku tryggja að það sé hægt að hafa þetta eftir hentisemi.
MYND/ADSEND

Hótelíð stendur við tvo mjög góða 18 holu golfvelli sem henta kylfingum í öllum gæðaflokkum.
MYND/ADSEND

” Við erum bæði með kennsluferðir fyrir þá sem eru nýir í íþróttinni og líka þá sem eru lengra komnir.

ferðir og kenni jafnvel í einkaferðum líka. Við erum líka að bjóða upp á sérstaka kvennaferð.“

Ekki bara fyrir byrjendur

„Við erum bæði með kennsluferðir fyrir þá sem eru nýir í íþróttinni og líka þá sem eru lengra komnir. Þá erum við með spilagolfkennslu. Þá er farið út á völl með fólkinu og farið yfir hvað mætti gera betur,“ segir Karen. „Við viljum bjóða eitthvað nýtt, ekki bara golfskóla fyrir byrjendur, heldur líka spila-kennslu.

Ég er á Villaitana en ég mun líka fara á aðra áfangastaði Úrvals Útsýnar og kenna þar, þannig að ég verð ekki alltaf á sama stað, sem er skemmtilegt tækifæri fyrir mig. Það gefur fólki tækifæri til að prófa eitthvað nýtt, það þarf ekki alltaf að koma á sama stað,“ segir Karen. „Það er svo mikilvægt að njóta þess að ferðast og fá tilbreytingu í lífið.

Það eru allir að reyna að komast í sínar golfferðir og við viljum einblína á góða þjónustu,“ segir Karen. „Við erum líka alltaf opin fyrir að bjóða upp á eitthvað auka-lega með golfferðunum, það er hægt að ræða ýmislegt.“ ■



FYRIR NÆSTU HOLU

„Unbroken hentar fullkomlega sem orkugjafi á golfhring. Þú færð „instant“ orku beint í kerfið, hreint og hollt.“

Bjarki P. BJARKI PÉTURSSON
ÍSLANDSMEISTARI Í GOLFÍ



FÆST Á UNBROKEN.IS

UNBROKEN®

Real time recovery

Eitt af risamótunum fjórum í golfi,

PGA CHAMPIONSHIP

verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Golf

2021



20. - 23. MAÍ 2021 | KIAWAH ISLAND GOLF RESORT



Tryggðu þér áskrift í dag á stod2.is

Fiskitaco sem golfararnir elska



Sjöfn Þórðardóttir sjofn@frettabladid.is

Hjónin Mjöll Daniëlsdóttir og Guðmundur Viðarsson eru með veitingarekstur hjá einum stærsta golfklúbbi landsins sem er með tvö klúbbhús og eru með puttann á púlsinum.

Veitingarekstur hefur verið stór hluti af lífi Guðmundar og Mjallar til fjölmargra ára, reynsla þeirra spannar nú um þrjátíu ár. Áður en þau sneru sér að veitingarekstri hjá Golfklúbbi Reykjavíkur fyrir tveimur árum voru þau eigendur að Kaffivagninum sem er elsti veitingastaður Reykjavíkur.

„Við tókum og endurskoðuðum vörumerki Kaffivagnsins með okkar sýn að leiðarljósi, við það margfaldaðist rekstur hans. Auk þess sáu við um rekstur nokkurra veiðihúsa í 21 ár, við Norðurá, Langá, Hítará og Laxá í Dölum, sem er mjög sambærilegur og veitingarekstur golfskála. Rekstur veiðihúsa snýst að meginefni um rekstur veitingastaðar, umsjón með gistirýmum, almenna þjónustu við viðskiptavinum, þrif og önnur þjónustustörf. Eins og gefur að skilja hefur veitingarekstur og þjónusta verið hluti af okkur og fjölskyldunni nánast alla tíð. Foreldrar mínir voru í framreiðslu og ég ólst upp við þjónustu og veitingar enda var alltaf veisla á okkar heimili,“ segir Mjöll og nýtur sín til fulls í starfinu.

Reka klúbbhúsin hjá Golfklúbbi Reykjavíkur
Hvað var það sem laðaði ykkur að því að vera með veitingarekstur hjá golfklúbbnum GR?

„Við seldum Kaffivagninn 2017 og eftir það tók við tímabil þar sem við ferðuðumst mikið og áttum góðan tíma með fjölskyldunni eftir annasöm ár. Stangveiði hefur verið ástríða hjá okkur hjónunum til margra ára en fyrir nokkrum árum byrjuðum við í golfi og fengum bæði bakteríuna. Nú rekum við bæði klúbbhúsin hjá Golfklúbbi Reykjavíkur á Korpúlfsstöðum og í Grafarholti. Við erum svo heppin



Mjöll Daniëlsdóttir og Guðmundur Viðarsson eru með veitingarekstur hjá einum stærsta golfklúbbi landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

að hafa dóttur okkar, Karenu, með okkur í rekstrinum, það er í mörg horn að líta og hún sér alfarið um allt sem tengist samfélagsmiðlum.“

Á bólakafi í golfinu
Hvernig er að vera með veitingarekstur fyrir golfarana?

„Það er ótrúlega gefandi að vera með veitingarekstur tengdan golfi, fólk er að koma til að skemmta sér, hitta vini og eiga góða stund á vellinum. Ekki er síður skemmtilegt að setjast niður eftir hring, fara yfir skorið, hlæja og gera grín og fá sér eitthvað gott að borða og drekka.

Við erum bæði dottin á bólakafi í golfið og finnst það alveg frábært. Við byrjuðum bæði á því að fara til Costa Ballena á Spáni í golfskóla sem var frábært. Þar lærðum við allt sem sem viðkemur golfinu og vorum útskrifuð sem kylfingar. Skólinn er rekinn af Ragnhildi Sigurðardóttur og eiginmanni hennar, Jóni Andra Finnssyni, en með þeim eru frábærir kennarar. Síðan skræðum við okkur í Golfklúbb Reykjavíkur, GR.

Golf hefur verið vaxandi íþrótt undanfarið ár þar sem metfjöldi kylfinga er í klúbbum í dag. Einnig hefur verið mikil fjölgun í hópi barna og unglinga og eru golf-

klúbbar að vinna frábært starf á þeim vettvangi. Jafnframt er mikil aukning meðal kvenna í golfi og ég finn það í klúbbhúsinu þar sem mikil aukning er í kvannahópum. Ég er sjálf í tveimur kvannahópum, Madonnum og Evítum, en þar sem sumarið er mjög annasamt hjá mér þá er ég eiginlega gestaspilari í öðrum hópnum.“

Sérstaða Guðmundar fiskréttir
Mjöll og Guðmundur leggja mikið upp úr því að vera með fjölbreyttan matseðil þar sem gæðin eru í fyrirrúmi. „Við leggjum áherslu á fjölbreyttan matseðli þar sem ferskt hráefni fær að njóta sín í okkar uppáhaldsréttum. Við viljum ekki bara bjóða upp á hamborgara heldur gera rétti sem hæfa öllum og einnig sem hægt er að deila. Við leggjum sérstaka áherslu á fiskrétti sem hefur verið sérstaða Guðmundar.“

Hvað bjóðið þið upp á?

„Við bjóðum upp á fjölbreytt úrval léttar rétta, fiskrétta og grillseðil en einnig erum við með súrdeigspitsur. Réttur dagsins er alltaf fiskréttur og grænmetisréttur. Við bjóðum einnig upp á kökur sem við bökum sjálf, móðir Gumma kemur til okkar og bakar

fyrir okkur alla botna, hún er 82 ára, alveg einstök.“

Hvernig lítur draumagolfklúbburinn ykkar hjónanna út?

„Draumagolfklúbburinn væri með geggjuðum golfvelli, hóteli, heilsulind og guðdómlega góðum veitingastað.“

Fiskipannan steinliggur
„Fiskipannan er okkar allra vinsælasti réttur, hún er sérstaða Guðmundar og fólk kemur aftur og aftur til að fá sér þennan rétt. Nýlega bættum við fiskibollum á seðilinn eftir þrýsting frá gestum og hafa þær slegið í gegn. Sömu-leiðis er nauta-píparsteikin okkar gríðarlega vinsæl. Loks er það fiskitacoið sem lokkar matargestina og hér kemur uppskrift.“



Fiskitaco er vinsæll réttur eftir golfið.

- Fiskitaco að hætti Guðmundar
- 3 litlar tortillakökur (ca. 6 tommur)
 - 1 stykki af þorskhnakka
 - Heimatilbúið hrásalat eftir smekk
 - Pikklaður rauðlaukur eftir smekk
 - Sýrður rjómi eftir smekk
 - Kóriander eftir smekk
 - Sriracha Hot chili sauce eftir smekk
 - Hrásalat
 - Hvítkál, gulrætur, majones og salatdressing, skorið smátt og öllu velt saman.

Þorskur skorinn í þrjá ca. 50 gramma bita. Bæði hægt að djúpsteykja (þá velt upp úr tempura deigi) eða steikja á pönnu. Tortillakökurnar grillaðar eða hitaðar á pönnu.

Sósa og salat sett á tortillu og fiskur ofan á, rauðlaukur, sýrður rjómi og kóriander sett ofan á fiskinn. Gott er að bera fiskitacoið fram með fersku gvakamóle, salsa-sósu og nachos-flögum. ■

Golfhermar til einkanota

Golfhermir.is sérhæfir sig í sölu á golfhermum og hágæða vörum sem þeim fylgja. Markmið fyrirtækisins er að gera íslenskum kylfingum kleift að setja upp eigin fullkominn golfhermi heima og spila þannig golf allan ársins hring.

„Flestir íslenskir kylfingar hafa prófað golfhermi, annað hvort hjá golfklúbbum eða hjá einu af þeim fjölmörgu einkafyrirtækjum sem eru farin að selja aðgang að hermum. Færri gera sér hins vegar grein fyrir því að nú eru komnir hermar á markaðinn sem eru hugsaðir til einkanota og þurfa ekki mikið pláss og eru ekki síðri en þessir hermar sem golfklúbbarnir bjóða upp á,“ segir Anton Smári Rúnarsson, eigandi Golfhermir.is.

Verðin á hermum sem Golfhermir.is býður upp á eru lægri en marga grunar enda er hægt að kaupa fullkominn golfhermi frá 387.500 krónur. „Fyrirtækið getur útvegað alla helstu golfherma en hefur hingað til aðallega verið að selja herma frá tveimur framleiðendum. Til dæmis SkyTrak



hermana en þeir eru samkvæmt My golf spy, sem er ein virtasta golfvefsíða í heimi, bestu kaupin þegar kemur að flokknum „golfhermar til einkanota“,“ segir Anton Smári.

„Gæðin eru ótrúleg og verðið brotabrot af því sem aðrir hermar í sama gæðaflokki hafa kostað. Einnig er Golfhermir.is að flytja inn og selja herma sem henta jafnt til einkanota sem fyrir fagaðila. Það eru hermar sem gefa bæði mælingar fyrir kylfu og bolta.“

Nú er rétti tíminn til að skipuleggja herminn fyrir næsta vetur þar sem afhendingartími á veturna getur verið langur. Hjá Golfhermir.is er veitt ráðgjöf og boðið upp á búnað til að breyta bílskúrnum, hobbý-herberginu eða kjallaranum þannig að ekkert er eftir nema að slá fyrsta höggið. ■

Golfhermir.is er með fullkomna sýningaraðstöðu í Akralind 8 í Kópavogi. Verið velkomin í heim sókn. Bókið skoðun í gegnum netfangið golfhermir@golfhermir.is. Einnig er hægt að skoða úrvalið af vörum á heimasíðunni golfhermir.is. Fyrirtækið er einnig á Facebook.



Hefðbundin uppsetning, hermir, motta, skjár, tölva, skjávarpi, allt þetta fæst hjá Golfhermir.is. MYND/GOLFHERMIR

Íslandsmeistari kvenna árið 2021 velur **ECCO**



“Ég vel þægindi og gæði,
þess vegna vel ég ECCO”
- *Guðrún Brá Þjörgvinsel*

ECCO GOLFSKÓRNIR ERU ÚR HÁGÆÐA LEDRI OG MEÐ GORE-TEX® FILMU



BIOM H4
29.995 KR. / ST. 40-47



BIOM COOL PRO
32.995 KR. / ST. 40-47



S-THREE
32.995 KR. / ST. 40-47



BIOM H4
29.995 KR. / ST. 36-42



S-THREE
29.995 KR. / ST. 36-42



S-THREE
32.995 KR. / ST. 36-42

SÖLUSTADIR:

ECCO, Kringlan - Steinar Waage, Smáralind - Skóbúðin Húsavík - Golfbúðin Hafnarfirði - Golfskálinn Reykjavík - Skór.is - Skóbúðin Keflavík - Nína, Akranesi - Sportbær Selfossi - Axel Ó. Vestmannaeyjum - Örninn Reykjavík - Golfklúburinn GKG



Hin suðurkóreska Inbee Park er á meðal fremstu kvengolfara heims. Hér er hún á LPGA LOTTE mótinu á Hawaii í apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ekki lengur karlaklúbbur

Golf hefur lengi vel, líkt og aðrar íþróttir, verið talið karlasport. Þrátt fyrir ævaforan uppruna er nútímagolf alla jafna talið upp-runnið í Skotlandi. Fyrstu rituðu heimildirnar um þessa nútíma-útgáfu eru frá 1457 þegar James II bannaði leikinn því hann truflaði menn við æfingar í bogfimi.

Engar konur hér
Rúmlega einni öld síðar spilaði fyrsta konan þennan fræga leik. Kvenkyns spilarar voru hins vegar ekki teknir alvarlega fyrr en á 20. öld þegar þær brutu „Herra-menn eingöngu, konur bannaðar“ regluna. Þá var almennt talið að konur hefðu ekki burði til að leika sportið þar sem þær vantaði styrk og fimi.
Fyrsti klúbburinn til að leyfa konum að gerast meðlimir var við nýbyggðan níu holu golfvöll í Shinnecock Hills í New York árið 1891 og fjórum árum síðar hélt Golfsamband Bandaríkjanna (USGA) fyrsta golfmótið fyrir kvenkyns áhugaspilara.

» **Guði sé lof hefði engin kona nokkurn tíma, eða fengi nokkurn tíma, að stíga fæti inn í klúbbhúsið.**

Karlastimpillinn máist seint af
Árið 1920 var atvinnugolfarinn Joyce Wethered talin ein skærasta golfstjarnan ásamt golfaranum Bobby Jones. Eftir að þau spiluðu á móti hvort öðru í golfsýningu árið 1930 hrósaði Jones Wethered fyrir afburðagóða sveiflu og sagðist efa að nokkurn tíma hefði verið til jafngóður golfari í röðum karla eða kvenna. En athugasemd Bobby Jones dugði þó ekki til að breyta viðhorfi til kvenkyns golfara.
Baráttan var ekki unnin enn því karlastimpillinn var enn viðloð-andi golfklúbbana og voru margir tregir að leyfa konum að taka fullan þátt í golfteygri starfsemi. Árið 1940 stærði The Royal Liverpool's club sig til dæmis af því að „Guði sé lof hefði engin kona nokkurn tíma, eða fengi nokkurn tíma, að stíga fæti inn í klúbbhúsið“.

Baráttan heldur áfram
Tíu árum síðar var The Ladies Professional Golf Association stofnað til þess að auka vinsældir golfs á meðal kvenkyns spilara og veita þeim keppnistækifæri. Og árið 1977 varð hin bandaríska Renee Powell fyrsta konan til þess að spila á breska karlamótinu í golfi.
Í dag berjast konur enn við að fá sömu tækifæri og karlkyns golfarar og er enn stór launamismunur hjá USGA sem er þekkt fyrir að skrifa upp á hærri verðlaunatékka fyrir karla á U.S. Open heldur en konur í U.S. Women's Open. ■

Vissir þú þetta um golf?

... að Skotar fundu upp golfíþróttina árið 1457?
... að pabbi Tigers Woods byrjaði að kenna honum golf á öðru árinu og að Tiger var aðeins átta ára þega hann sló sína fyrstu holu í höggi?
... að Tiger Woods hefur unnið 82 PGA-mót. Í samanburði vann Sam Snead sömuleiðis 82 mót og Jack Nicklaus 73 PGA-mót, báðir goð-sagnakenndir kylfingar.

... að Phil Mickelson er rétthentur en slær golfsveifluna með vinstri hendi? Hann byrjaði barnungur í sportinu en hermdi eftir pabba sínum sem er örvhentur.
... að fyrsti golfhringurinn sem spilaður var af konum var árið 1811, nærri 400 árum eftir að golfíþróttin varð til, og fyrsti golfklúbbur kvenna var stofnaður 1867?
... að líkurnar á að hitta holu í höggi er einn á móti 12.500?

... að golfkúlur voru upprunalega búnar til úr fiðri og leðri, og svo úr við á 15. til 18. öld?
... að golf er eina íþróttin sem leikin hefur verið á tunglinu? Það var geimfarinn Alan Bartlett Shepard jr. sem tók með sér golfkylfu og golfkúlur á tunglið og tók þar nokkrar sveiflur. Golfarar eru eðli-lega stoltir af þessari staðreynd.
... að nærri 80 prósent golfara ná aldrei undir átján í forgjöf? ■



Golf er að sönnu heillandi sport.

ÆFÐU SVEIFLUNA Í SÓL

NÝR GOLFSTJÓRI ÚRVAL ÚTSÝN

Við kynnum til leiks nýjan golfstjóra, Einar Viðar Gunnlaugsson. Einar hefur langa reynslu í golfheiminum, en hann hefur setið í stjórn Golfkúbbsins Odds og hefur spilað golf víðsvegar um heiminn. Persónuleg þjónusta og lipurð er aðalsmerki Einars. Fáðu frekari upplýsingar um golfferðirnar okkar með því að senda póst á golf@uu.is.

Einar Viðar Gunnlaugsson
Nýr golfstjóri ÚÚ

ÚRVALSGOLFARAR 60+ EL PLANTIO OG ALICANTE GOLF

06. - 13. SEPT.
FLEIRI DAGSETNINGAR Í BOÐI
Skemmtilegar golfferðir þar sem gleði og gaman verður í fyrsta sæti. Við bjóðum sérkjör á þessum frábæru golfvöllum. **Meðal annars innifalið** ótakmarkað golf í 6, 10 eða 13 daga. Fer eftir ferð.

VERÐ FRÁ **194.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

KVENNAFERÐ ÚÚ ALICANTE GOLF

13. - 20. SEPTEMBER
Mikið spilað og góð skemmtun, golfmót og aðrar uppákomur. Að auki verður boðið upp á að fara út að borða til Alicante og fleira skemmtilegt. **Meðal annars innifalið** ótakmarkað golf, golfbíll fyrstu 18 holur hvers dags, og gleði og gaman!

VERÐ FRÁ **239.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

GOLFSKÓLI EL PLANTIO GOLF RESORT

16. - 23. SEPTEMBER
Golfskólinn er fyrir alla kylfinga, ekki bara fyrir byrjendur. **Meðal annars innifalið** ótakmarkað golf með kerru á æfingavelli alla daga, og ótakmarkað golf með golfbíl í fjóra daga á aðalvelli.

VERÐ FRÁ **265.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

NÝTT - GOLF ALLT ÁRIÐ Á ALICANTE

ALICANTE GOLF EÐA EL PLANTIO

Alicante Golf er glæsilegt hótél sem sker sig úr fyrir fallega hönnun jafnt utandyra og innan.

El Plantio er vinsælasti golfstaður okkar á Spáni. Þessi skemmtilegi staður er steinsnar frá Alicanteborg.

VERÐ FRÁ **211.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 saman í íbúð.

ÓTAKMARKAÐ GOLF MEÐ MORGUNVERÐI GOLFBÍLL INNIFALINN MARGAR DAGSETNINGAR Í BOÐI ALLT ÁRIÐ UM KRING

ÚRVAL ÚTSÝN

HLÍÐASMÁRI 19, 201 KÓPAVOGUR

SÍMI 585-4000

GOLF@UU.IS

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



4X4 HYBRID LÚXUS
VOLVO V60 INSCRIPTION 4x4.
Árgerð 2016, ekinn 94þ.km., dísel/
rafmagn, sjálfskiptur. Algjört
dekur-lúxus eintak! Verð 3.777.000.
Rnr.120471. Til sýnis og sölu hjá
Aðalkaup, Skeifunni 3C.



ÓEKID V:577Þ.!!!
HONDA Rebel 250. Árgerð 2006,
ekid aðeins 786km. Ný skoðað
2022. Litur út sem nýtt! Verð aðeins
kr.577.000- Rnr.120278. Til sýnis
og sölu hjá Aðalkaup, Skeifunni 3C.
S.888-3715.

Aðalkaup - Bílasala
Skeifan 3C, 108 Reykjavík
Sími: 888 3715
adalkaup@adalkaup.is
<http://adalkaup.is>



Chrysler Pacifica Touring Hybrid.
12/2018 ekinn aðeins 12 þ. Km. 7
manna. Uppgefin drægni 53 km.
á rafmagni. Leðursæti. Rafdrifnar
hurðir og skott lok. Ofi fol. Verð:
6.890.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA
BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-250þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu
sms og ég hringi til baka**

Þjónusta

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun -
Bónleysing Flutningsþríf - Þríf
eftir iðnaðarmenn thvegillinn.
is - Stofnað 1969 Traustir og vanir
menn.

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum
innan og utanhús. Vönduð
vinnubrögð og góð umgengni.
Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf.
Sigurður 896-5758.

REGNBOGALITIR.IS
Málningarbjónusta. Málum
hverskonar mannvirki innan sem
utan. Vönduð vinna unnin af
fagmönnum. Nánari upplýsingar
891 9890 eða malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Gef tilboð í búslóðaflutninga í
öllum stærðum. Áratuga-reynsla.
Guðmundur. 864-7896

Ert þú að flytja? Búslóðafl.,
fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra
stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj.
Mikæls. S. 894 4560 www.flytja.is
flytja@flytja.is

Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÜRVERK
- FLOTUN - SANDSPARSL -
MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi
fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar
fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingabjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur.
Lásur tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð. Straumblik
ehf. Löggiltur Rafverktaki.
straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM
ÚT Á: GULL, DEMANTA,
VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!**
Hringar, hálsmen, armbönd,
Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl.
Hringdu núna og fáðu tilboð þér
að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16,
Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Heilsa

Nudd



TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra
með Tantra nuddi. Einstæð upplifun
fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301
www.tantratemple.is

**FRÉTTIR, FÓLK &
MENNING**
á Hringbraut

Húsnæði

Atvinnuhúsnæði

Til leigu eða sölu 50 m2 bíl +
milliloft. Hurð 3,7 m. Lager eða
geymsla. Leiga: 109 þús.
S: 661-6800

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma.
Geymslur fyrir dánarbúið, allt að
20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum
verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Auglýsing um tillögu að nýju deiliskipulagi og tillögur að breyttu deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.

Lækjargata 1

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 14. apríl 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 29. apríl 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 1 við Lækjargötu, lóð forsætisráðuneytisins og stjórnarráðshússins, vegna áforma um viðbyggingu við Stjórnarráðshúsið fyrir starfsemi forsætisráðuneytisins. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Nýlendugata 14

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 14. apríl 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 29. apríl 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits 1.131 vegna lóðarinnar nr. 14 við Nýlendugötu. Í breytingunni felst að heimilt verði að hækka þak hússins og að þakhalli verði hærri við Mýrargötu í stað Nýlendugötu. Koma fyrir lyftu í húsinu og að lyftuhús fari út fyrir byggingarreit. Gera þakbyggingu á lágbaki núverandi húss. Setja franskar svalir á norðurhlíð húss við Mýrargötu og að svalir á suðurhlíð húss megi almennt skaga fram 40 cm út fyrir lóðarmörk, fyrir utan svalir við flóttaleið á 2. hæð sem mega fara 130 cm út fyrir byggingarreit. Handrið á þaksvölum vestan megin skal vera inndregið 150 cm frá lóðamörkum. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Laugavegur 20B

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 14. apríl 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 29. apríl 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.5, Laugavegs- og Skólavörðustígsreitir, vegna lóðarinnar nr. 20B við Laugaveg. Í breytingunni felst að heimilt verði að gera einnar hæðar viðbyggingu á bakhlíð hússins með þaksvölum auk þess að gera inndregna þakhæð, tengibyggingu á millibyggingu milli hornhúss og risshúss, með kvisti til suðurs úr mænisþaki sem veitir aðgang að þaksvölum sem verða yfir endahúsinu. Við breytinguna hækkar nýtingarhlutfall lóðar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Jöfursbás 9

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 7. apríl 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 29. apríl 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Gufuness, áfanga 1, vegna lóðarinnar nr. 9 við Jöfursbás. Í breytingunni felst að svalir megi ganga 160 cm út fyrir byggingarlinu á götuhlíð, fallið verði frá kröfu um aukna salarhæð á jarðhæðum, svalagangar að götum mega vera 50% að heildarlengd byggingarreits, leyfilegt verði að fækka bílastæðum með samkomulagi um deilibíla, stærðarviðmiðum íbúa breytt, aðalinngangur verður úr sameiginlegum miðgarði, heimilt verði að hafa opin stigahús ef brunahönnun leyfir og fallið verður frá kröfu um inndregna efstu hæð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Gjúkabryggja 4

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 28. apríl 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 6. maí 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Bryggjuhverfis vegna lóðarinnar nr. 4 við Gjúkabryggju (reitur D). Í breytingunni felst að heimilt verði að fjölga íbúðum ásamt því að fjölga bílastæðum í kjallara lóðar D, dýpka byggingarreit og lengja byggingarreit 4. hæðar í norðvesturhorni byggingarreits og gera nýjan byggingarreit í inngarði fyrir hjólageymslu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 14. maí 2021 til og með 30. júní 2021**. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, **www.reykjavik.is**, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 30. júní 2021. Vinsamlegast notið uppgengið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 14. maí 2021
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

geiri
www.geirihf.is



20% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM Í NETVERSLUN

WWW.VERSLUN.IS

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

geiri
www.geirihf.is

STÓRLEIÐHÚS
...hillukerfi

Straumur
...hillukerfi

Sýningareldhús - Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is Netverslun á www.verslun.is

Merkisatburðir

- 1796** Edward Jenner bólusetur átta ára dreng, James Phipps, við kúabólu, það er talin fyrsta bólusetning sögunnar.
- 1959** Pétur Ottesen lætur af þingmennsku á Íslandi eftir 43 ár.
- 1965** Fokker Friendship-flugvél Flugfélags Íslands, sú fyrsta sinnar tegundar, kemur til landsins.
- 2003** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og Dorrit Moussaieff ganga í það heilaga að kvöldi 60. afmælisdags Ólafs. Guðmundur Sóphusson, sýslumaður í Hafnarfirði, gefur þau saman.
- 2004** Friðrik krónprins Dana gengur að eiga Mary Elizabeth Donaldson frá Ástralíu.



MYND/
GUNNAR VIGFÚSSON



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir, afi og langafi,
Ingvi Óskar Bjarnason
sjónamaður,

lést að heimili sínu að Arnórsstöðum, Barðaströnd – Draumalandinu – þann 7. maí. Útförin fer fram frá Brjánslækjarkirkju laugardaginn 15. maí kl. 14.00. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlý orð.

Sigurbjörg Jónsdóttir
Valgerður, Elín, Heimir, Sigríður, Helena, Sólrún og fjölskyldur.



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,
Þuríður Gísladóttir
Hallakrí 3,

lést á Landakoti 5. maí. Útförin fer fram frá Lindakirkju fimmtudaginn 20. maí klukkan 13.00.

Arnar Jónsson
Rögnvaldur Örn Jónsson
Maria Björk Jónsdóttir
Brynjar Ísak, Selma, Arndís Björk, Róbert, Hilmar Jökull, Amalía Rún, Arnór Ingi og Aldís María

Helga Þórdís Gunnarsdóttir
Kristín Björg Árnadóttir
Sveinn J. Kjarrval



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Svafa Gísladóttir
Dvalarheimilinu Hlíð,
Akureyri,

lést á Hlíð 26. apríl síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð og sérstakar þakkir fær starfsfólk Viðihlíðar fyrir frábæra umönnun.

Anna H. Skarphéðinsdóttir
Vigdís Skarphéðinsdóttir
Brynja Skarphéðinsdóttir
Elin Skarphéðinsdóttir

Ingimundur Kjartansson
Vilhjálmur Baldvinsson

A. Páll Eiríksson
ömmu- og langömmubörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma, langamma
og langalangamma,
Ólöf Hulda Sigfúsdóttir
Hólabergi 84,

lést 4. maí sl. í faðmi eiginmanns síns og barna. Starfsfólki á Miklatorgi á Hrafnistu eru færðar sérstakar þakkir fyrir góða umönnun. Útförin fer fram frá Fella- og Hólakirkju mánudaginn 17. maí kl. 13.

Kristinn Eyjólfsson
Jóna Sigríður Kristinsdóttir
Gyða Kristinsdóttir
Kristinn Kristinsson
Bryndís H. Kristinsdóttir

Ragnar Breiðfjörð
Sigurður L. Stefánsson
Birna Andrésdóttir
Snorri Guðmundsson

ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubarn.



Lára Magnea hannaði þúða með gömlum mynstrum. Efni í feringana eru í nýju útsaumpakningunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Margrét hefur haldið utan um saumaklúbbsverkefnið af öryggi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Karólína mögnuð manneskja

Sýning um Karólínu vefara verður opnuð á morgun, 15. maí, í Kornhúsinu í Árbæjarsafni. Mynstur hennar prýddu heimili landsins á síðustu öld og ganga nú í endurnýjun lífdaga.

gun@frettabladid.is

Á leiðinni í Kornhúsið kem ég við í Heimilisiðnaðarfélaginu. Þar eru formaður þess, Margrét Valdimarsdóttir, og Lára Magnea Jónsdóttir textilhönnuður að fást við ullargarn í ýmsum litum. Á borði liggja ótal feringar með fjölbreyttum mynstrum sem saumuð eru með þessu garni og upp að vegg halla sér þúðar með slíkum feringum í miðju. „Heimilisiðnaðarélagið er aðili að sýningunni Karólína vefari í Kornhúsinu í Árbæjarsafni og hefur verið að búa til söluvöru í tengslum við hana,“ útskýrir Margrét. „Hópur kvenna, Saumaklúbbur Karólínu, hefur hist hér reglulega í marga mánuði til að sauma mynstur Karólínu sem á sínum tíma seldi vinsælar útsaumpakkingar. Lára Magnea tók að sér að velja þau og laga að nútímanum.“

Lára Magnea gripur þráðinn: „Já, ég fékk það viðfangsefni að nota þessi gömlu mynstur til að búa til nýjar útsaumpakkingar. Fyrst lagðist ég í rannsóknir og hugmyndavinnu. Ekki gat ég gert eftirlíkingar af risastórum veggteppum og útsaumsmyndum Karólínu. Það er annað samfélag í dag en þegar hún var og hét. En þetta verða verkefni sem allir ráða við.“



Hluti afraksturs vinnu Saumaklúbbs Karólínu.

„Þegar Karólína gerði útsaumpakkingar á sínum tíma var allt saumað í ullarjafa sem hún framleiddi á vefstofunni, nú er ullarjafi ófáanlegur svo við saumum mynstrin í stramma og fyllum upp á milli,“ lýsir Margrét. Hún og Lára Magnea eru sammála um að hörku-stemning sé fyrir þúðum á nútímaheimilum og þær segjast ætla að kynna þetta krosssaumsverkefni á Hönnunarmars í Aðalstræti 4. „Það er vakning í kringum handverk – allt þetta upprunalega og útsaumur er í tisku, bæði hér á landi og á alþjóðavísu,“ fullyrðir Lára Magnea.

Heimilisiðnaðarfélagið tengir þessar þrjár konur saman. Karólína var formaður þess á tímabilinu 1923 til 1927, Margrét er núverandi formaður og Lára Magnea starfaði í verslun félagsins í Fálkahúsinu í Hafnarstræti í fimm ár. „Karólína hefur verið mögnuð manneskja og mikill frumkvöðull,“ segir Margrét. „Hún óf húsagnaáklæði og gluggatjöld fyrir stofnanir, fyrirtæki og heimili og rak vefstofu og verslun við Ásvallagötuna með myndarbrag.“

Sýningin Karólína vefari verður opnuð 15. maí klukkan 15. ■

Lærði að vinna í sveitinni

Karólína Guðmundsdóttir (1897–1981) var frá Þór-oddsstöðum í Grímsnesi. Hún ólst upp við ullarvinnslu, jurtalitun og hannyrðir en fór til Kaupmannahafnar að mennta sig í vefnaði og vann við hann í rúm 50 ár, bæði ein og sem atvinnurekandi í Reykjavík. Í vefnaðar- og útsaumsmyndum hennar fléttuðust saman íslenskar handverkshefðir og alþjóðleg hönnun.

Borgarsögusafn varðveitir yfir 300 muni tengda Karólínu og vefstofu hennar við Ásvallagötu, margir eru frá Heimilisiðnaðarfélaginu.

Sýningin Karólína vefari verður opnuð í Kornhúsinu í Árbæjarsafni á morgun, 15. maí, klukkan 15. Húsið stendur niðri við Elliðaárnar. Gerður Róbertsdóttir annaðist sýningarstjórn, Unnar Örn J. Auðarson sýningarhönnun og Ármann Agnarsson grafíska hönnun.



Karólína við vefstólinn.

smashbox

20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM SMASHBOX
OG GLAMGLOW VÖRUM
DAGANA 14.-19. MAÍ

**VIÐ ERUM FRUMKVÖÐLAR
Í FARÐAGRUNNUM!**

SÉRFRÆÐINGAR VERÐA
Á STAÐNUM TIL ÞESS AÐ
RÁÐLEGGJA

Smashbox fæst í Kringlu og Smáralind



HOLLYWOOD, CALIFORNIA


GLAMGLOW



Glamglow fæst í Kringlu, Smáralind, Skeifu, Garðabæ og Akureyri.

HAGKAUP
Snyrtivara

Veðurspá Föstudagur



Austlæg átt, 3-8 m/s í dag en 8-13 syðst. Skúrir eða slydduél víða um land en úrkomulítið á Norðurlandi. Hiti 3 til 9 stig að deginum, hlýjast suðvestanlands en víða næturfrost.

Skák Gunnar Björnsson



Krossgáta

LÁRÉTT 1 útlit 5 upphaf 6 borða 8 áfella 10 vigtaði 11 sund 12 högg 13 skán 15 festast 17 kvk. nafn

LÓÐRÉTT 1 kili 2 einleikur 3 stjaka 4 blikka 7 ágiskun 9 mæli 12 heiður 14 frjó 16 ætið

LÁRÉTT: 1 ásynd, 5 röt, 6 et, 8 klampi, 10 vö, 11 all, 12 slag, 13 skóf, 15 himast, 17 maría.

LÓÐRÉTT: 1 árkvisl, 2 sóló, 3 ýta, 4 depja, 7 til-gáta, 9 málíar, 12 sóma, 14 kím, 16 sl.

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
			12		
13	14				
15				16	
	17				

Kajdanov átti leik gegn Malysev í Bled árið 1989.

1...Hxf2! 2. Kxf2 Dh2+ 3. Kf1 He7! (eða 3...He8). 4. Df5 (4. Hec1 Hf7+ 5. Ke1 Hf2 6. Df1 Hxb2!) 4...Hf7 0-1. Síðari hluti Íslandsmóts skákfélaga 2019-2021 hefst í kvöld. 591 dagur liður á milli fyrstu og síðustu umferðar! Vikingaklúbburinn er efstur, SSON í öðru sæti og Huginn í því þriðja. Beinar útsendingar frá helstu viðureignum. www.skak.is: Íslandsmót skákfélaga.

Sudoku

		6	1		7		3	8
				2				
8	4						5	
				7				
5			3	6	1	9	4	
2		1		8				7
		5	2		4	3		9
1	2		6			4	8	5
						1	2	

			3	8		7		5
9		4		1			2	
		8			2			
2						9		1
7		6					5	
1			4					
	9	5					6	3
4	6							
				4	8			

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Gelgjan



Barnalán



HAMPIÐJAN Aðalfundur

Aðalfundur Hampiðjunnar hf., sem áður var frestað vegna aðstæðna í þjóðfélaginu, verður haldinn að Skarfagörðum 4, Reykjavík föstudaginn 28. maí 2021 og hefst hann kl. 16:00.

Á dagskrá fundarins verða:

- 1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.
- 2. Önnur mál, löglega upp borin.

Dagskrá, endanlegar tillögur, framboð til stjórnar ásamt ársreikningi félagsins liggja frammi á skrifstofu félagsins og í fréttakerfi Nasdaq Iceland.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundarstað.

Hluthafar sem ekki geta sótt fundinn, en hyggjast gefa umboð, þurfa að gera það skriflega eða með rafrænum hætti og þannig að dagsetning komi fram.

Stjórn Hampiðjunnar hf.

HAMPIÐJAN

NÁÐU TIL FJÖLDANS MEÐ FRÉTTABLAÐINU

Auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað!

46,5% íbúa höfuðborgarsvæðisins á aldrinum 25 - 80 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali.*

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 550 5050 eða sendu tölvupóst á orn@frettabladid.is.

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.




SUMARBÆKUR, BETRI BÆKUR



Tengdadóttirin III -
Sæla sveitarinnar
TILBOÐSVERÐ: 3.499.-
Verð: 3.999.-



Handbók fyrir ofurhetjur -
Sjötti hluti: Vonlaust
Verð: 3.499.-




Mávurinn
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð: 3.999.-



Hryllilega stuttar hrollvekjur
Verð: 3.899.-




Hittumst í paradís
Verð: 3.999.-



10 mínútur og 38 sekúndur
í þessari undarlegu veröld
Verð: 3.999.-



Ása Marín
TILBOÐSVERÐ: 3.499.-
Verð: 3.999.-




Fyrsta málið
TILBOÐSVERÐ: 1.599.-
Verð: 1.899.-




Depill heimsækir afa og ömmu
Verð: 2.799.-



Hvolpasveitin: Tölur / Litir
Verð: 2.999.- (stk.)



Jarðvísindakona deyr
TILBOÐSVERÐ: 3.499.-
Verð: 3.999.-



Nickel-strákarnir
TILBOÐSVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.999.-

1.

Metsölulisti
Eymundsson



Framúrskarandi
fyrirtæki

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsvík - Garðarsbraut 9

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboðsverð gilda til og með 13. maí eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.


Þín borg

Í fasteignaviðskiptum fylgjum við þér alla leið

Að selja fasteign er stór ákvörðun sem best er að taka að vel hugsuðu máli. Traust og áreiðanleiki eru lykilatriði hjá Borg og við búum yfir áratugalangri reynslu á því sviði.

Þín eign er í góðum höndum hjá okkur.

519 5500 · FASTBORG.IS · SÍÐUMÚLA 23



DAGSKRÁ

Föstudagur

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin úrval** Helstu fréttir vikunnar með Margræti Erlu Maack.
- 19.00 Kaupmaðurinn á horninu (e)** Þáttaröð um sögu og sérstöðu kaupmennskunnar á Íslandi.
- 19.30 433.is (e)** Frétta- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.
- 20.00 Bærin minn (e)** Bærin minn segir frá sjarma og sérstöðu bæjarfélaganna hringinn í kringum Ísland.
- 20.30 Fréttavaktin úrval** Helstu fréttir vikunnar með Margræti Erlu Maack.
- 21.00 Kaupmaðurinn á horninu (e)** Þáttaröð um sögu og sérstöðu kaupmennskunnar á Íslandi.
- 21.30 433.is (e)** Frétta- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.

RÚV Sjónvarp

- 11.00 Heimaleikfimi**
11.10 Í garðinum með Gurrý
11.40 Okkar á milli Kolbrún Benediktsdóttir.
- 12.10 Nýjasta tækni og vísindi**
12.45 Ferðastiklur Hvalfjörður.
13.20 Hið sæta sumarlíf
13.50 Innlit til arkitekta
14.20 Söngfuglar með heilabilun – Seinni hluti.
- 15.20 Grænkeramatur**
15.50 Kiljan
16.30 Skólahreysti
17.50 Tákn málsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Óargadýr
18.28 Sögur - stuttmyndir
18.35 Húllumhæ
18.50 Landakort Líf færast í Finn-bogastaðaskóla á ný.
- 19.00 Fréttir**
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.40 Rotterdam kallar Björg Magnúsdóttir og Gísli Marteininn Baldursson fylgja Daða Frey og Gagnamagninu eftir í Rotterdam. Fjallað verður á snarpan og líflegan hátt um það sem er efst á baugi í undirbúningnum fyrir Eurovision, fylgst með stífum æfingum og rætt við áhugaverða keppendur.
- 20.05 Pabbastríð Daddy's Home** Bandarísk gamanmynd um dagfarsprúðan útvarpsmann sem vill vera góður stjúpfaðir og reynir ákaft að vinna vináttu barna eigin konu sinnar. Þegar töffarinn fyrrverandi eiginmaðurinn og pabbinn mætir á svæðið verður það snúnara. Aðalhlutverk: Will Ferrell, Mark Wahlberg, Linda Cardelli, Scarlett Estevez og Owen Wilder Vaccaro.
- 21.40 Frankie Drake**
22.25 Karatestrákur Karate Kid
00.40 Dagskrárlök

Stöð 2 Golf

- 09.40 LPGA Tour 2021** Útsending frá Hugel-Air Premia LA Open.
- 12.30 European Tour** Bein útsending frá Betfred British Masters.1
- 17.00 2021 Ana Inspiration Charity Event - Annika Foundation**
- 19.30 PGA Tour** Bein útsending frá AT&T Byron Nelson.
- 22.30 2021 PLAYERS Official Film**
23.25 Champions Tour Highlights 2021

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil**
13.15 The Late Late Show
14.00 The Block
15.05 The Biggest Loser
15.50 90210
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Block
20.10 The Pink Panther
21.45 Indiana Jones and the Kingdom of the Crystal Skull
- 23.45 Me Before You**
01.35 Little Fockers
03.10 The Walking Dead
03.55 Síminn + Spotify

RÚV Rás 1

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Í ljósi sögunnar Abba Kovner og Gyðingarnir í Vilnu III.
- 09.45 Morgunleikfimi**
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Óskastundin
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegjð Fyrri og seinni hluti.
- 12.20 Hádegisfréttir**
12.42 Hádegjð
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Málið erSlúður
15.00 Fréttir
15.03 Sögur af landi
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Vinill vikunnar
17.00 Fréttir
17.03 Lestarklefinn
18.00 Spegillinn
18.30 Brot úr Morgunvaktinni
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Flugur Change, þriðji þáttur.
- 19.45 Lofthelgin**
20.35 Mannlegi þátturinn
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestarklefinn
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlvarp Rásar 1

Stöð 2 Bíó

- 10.00 Pokémon Detective Pikachu**
11.40 Lucy in the Sky
13.40 Mamma Mia
15.30 Pokémon Detective Pikachu
17.10 Lucy in the Sky
19.10 Mamma Mia
21.00 Just Mercy Sannsöguleg mynd frá 2019 með Jamie Foxx og Micheal B. Jordan.
- 23.10 Birds of Prey** Spennumynd frá 2020 með Margot Robbie og fleiri stórgóðum leikurum. Eftir aðskilnað við Jókerinn gengur Harley Quinn til liðs við ofurhetjurnar Black Canary, Huntress og Renee Montoya, sem ætla í sameiningu að bjarga ungri stúlku frá illum glæpaforingja.
- 01.00 Blind** Rómantísk mynd frá 2017 með Alec Baldwin, Demi Moore og Dylan McDermott.
- 02.40 Just Mercy**

Stöð 2

- 08.00 Heimsókn**
08.15 Grey's Anatomy
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 The O.C.
10.05 Shark Tank
10.50 Hvar er best að búa?
11.15 Golfarinn
11.45 Friends
12.30 Nágrannar
12.50 Between Us
13.30 Landhelgisgæslan Vandaðir heimildarþættir í umsjón Ásgeirs Erlendssonar og Jóhanns K. Jóhannssonar sem fá einstakan aðgang að Landhelgisgæslunni og fá að fylgjast með störfum þeirra á Íslandi og erlendis.
- 13.50 Ég og 70 mínútur**
14.15 Í eldhúsinu hennar Evu
14.35 Jamie's Quick and Easy Food
15.00 Grand Designs. Australia
15.50 The Goldbergs
16.15 Modern Family
16.35 Three Identical Strangers
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakinn
18.55 Britain's Got Talent
19.45 The Night Is Young Rómantísk gamanmynd frá 2017 um óvæntan vinskapa fjögurra einstaklinga sem hittast fyrir tilviljun á bar í Los Angeles.
- 21.10 21 Bridges**
22.50 Jojo Rabbit Óskarsverðlaunamynd frá 2019. Jojo er tíu ára drengur í ungliða-hreyfingu Adolfs Hitlers, svonefndri Hitlersæsku, þar sem ungdominum er meðal annars kennt að meðhöndla vopn og að gyðingar séu rót alls ills.
- 00.40 Rambo. Last Blood**
02.15 Grey's Anatomy
03.00 The O.C. Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa.
- 03.40 Shark Tank**

Stöð 2 Sport

- 09.00 Pepsi Max Stúkan**
10.10 Pepsi Max Mörkin
11.30 Breiðablik - Keflavík Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
- 13.10 Annáll 2019. Íslensk knattspyrna kvenna**
14.00 Keflavík - Valur Útsending frá leik í Dominos deild kvenna.
- 15.45 Fram - KA/Þór** Útsending frá leik í Olís deild kvenna.
- 17.00 Dominos Körfuboltakvöld**
18.35 FH - Afturelding Útsending frá leik í Olís deild karla.
- 19.55 ÍBV - Stjarnan** Útsending frá leik í Olís deild karla.
- 21.15 Breiðablik - Keflavík**
22.55 Pepsi Max Mörkin

Stöð 2 Sport 2

- 09.00 Granada - Real Madrid**
10.40 Football League Show
11.05 Eibar - Real Betis
12.45 Ítölsku mörkin
13.35 Atlético Madrid - Real Sociedad
15.15 Real Valladolid - Villarreal
17.20 Spænsku mörkin
18.10 Crotone - Hellas Verona
20.15 EM 1992 Heimildarþáttur um Evrópumeistaramótið í knattspyrnu árið 1992 er mótið fór fram í Svíþjóð.
- 21.05 La Liga Show**
22.45 Granada - Real Madrid

SAMSUNG

TILBOÐSDAGAR

AFSLÁTTUR
15%
AFSLÁTTUR

KÍKTU Á ÚRVALIÐ

ORMSSON.IS



75" QLED Q80T
KR. 349.900,-



65" QLED Q77T
KR. 179.900,-



Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Laugardagar kl. 11-15

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS



*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

KS
SAUÐÁRKRÓKI
SÍMI 455 4500

SR BYGG
SIGLUFIRÐI
SÍMI 467 1559

ORMSSON
AKUREYRI SÍMI
461 5000

PENNINN
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
PAN-NESKAUPSSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333

TÆKNIBORG
BORGARNESI
SÍMI 422 2211

OMNIS
AKRANESI SÍMI
433 0300



Ellie Delphine guðdómleg í blóma-skreyttum kjól frá Self portait.

Inn í sumarið í blómaskreyttum sumarkjólum

Þrátt fyrir að enn sé nokkuð kalt er sólin farin að skína og það stýttist í hið íslenska sumar. Þótt veðráttan bjóði ekki alltaf upp á svona léttar flíkur er fallett að grípa í litríkan blómakjól á hlýrri dögum.

steingerdur@frettabladid.is

Nú stýttist í sumarið og þá er litríkari fatnaður-inn alla jafna tekinn fram. Blómaskreyttir kjólar virðast alltaf

halda vinsældum sínum, sér í lagi síðustu árin. Þetta er bersýnilegt í helstu tiskuverslunum landsins og er sumarlína H&M öll blómum skreytt. Svo lifgar það bara upp á andann og kemur manni í sumarskap. Því er tilvalið að nýta þessa fáu hlýju sólardaga og klæða sig upp í blómaskreyttan sumarkjól.

Það er um að gera að vera ekki hræddur við litrika og skemmtilega kjóla í ólíkum sniðum og síddum.

Þessi bleiki kjóll fer fyrir-sætunni og fréttakynninum Terri Seymore afar vel.

Ofurfyrirsætan Heidi Klum gullfalleig í gulu. MYNDIR/GETTY

Þýski áhrifavaldurinn Mandy Bork í gulum kjól frá Zimmerman.



Scarlett Gartmann í kjól frá Mango.

Athafnakonan Ophélie Duivillard í kjól frá Maje.

Alexandra Lapp í fallegum blómakjól frá Jardin.



BÍLGREINASAMBANDIÐ

AÐALFUNDUR BGS

verður haldinn föstudaginn 28. maí n.k.
kl. 15:00 í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35, Reykjavík
Fundarsalur: Hylur, 1. hæð

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar bornir upp til samþykktar
3. Kosning stjórnar og varamanna
4. Lagabreytingar
5. Önnur mál

Nánari dagskrá og skráning verður auglýst á heimasíðu félagsins www.bgs.is

Við skorum á félagsmenn að mæta!

Stjórn Bilgreinasambandsins

HÆGMEYRNAÐ UNGNAUTARIBEYE
100% ÍSLENSKT UNGNAUTAKJÖT AF SÉRVÖLDUM NAUTGRIPUM

5.998 kr./kg

Íslandsnaut Hægmeyrnað Ungnautaribeye
100% íslenskt

FRAMLEITT ÚR
SÉRVÖLDUM
ÍSLENSKUM
UNGNAUTUM

RIBEYE

FILLET

SMASH STYLE UNGNAUTAHAMBORGARAR
100% ÍSLENSKT UNGNAUTAKJÖT AF SÉRVÖLDUM NAUTGRIPUM

4.998 kr./kg

Íslandsnaut Ungnautaribeye
100% íslenskt

4.998 kr./kg

Íslandsnaut Ungnautafillet
100% íslenskt

2X
140 g
598 kr.

Smash Style Ungnauta Hamborgarar
2 stk. í pk.

198 kr./pk.

Bónus Hamborgarabrauð
4 stk. í pk.



BONUS
GRILLVERSLUN
ALLRA
LANDSMANNA



Ónæm hjörðin fær sína Þjóðhátíð í Eyjum



Þórarinn Þórarinnsson
thorarin
@frettabladid.is

Eyjamenn sigla bjartsýnir út úr Covid-þokunni og ætla að halda sína Þjóðhátíð um verslunarmannahelgina og Hörður Orri Grétarsson, formaður Þjóðhátíðarnefndar, gerir allt eins ráð fyrir að Herjólfssdalur kjaftfyllist eftir súrt messufallið í fyrra.

Hörður Orri Grettisson, formaður Þjóðhátíðarnefndar, segir aðstæður í samfélaginu þannig að ákveðið hafi verið að halda hina rótgrónu Þjóðhátíð í Eyjum um verslunarmannahelgina. Þunglyndið vegna messufallsins í fyrra er því á bak og burt og hugur í mannskapnum hjá ÍBV.

„Auðvitað voru þetta bara vonbrigði að geta ekki haldið hátíðina í fyrra en það var ekkert annað að gera í stöðunni en að aflýsa henni,“ segir Hörður Orri sem telur klárt að Vestmannaeyingum almennt og fjölmörgum öðrum létti við þessi tíðindi.

„Já, já, algjörlega. Við finnum það bara á því hversu mikið er hringt og spurt út í þetta. Auðvitað er líka gríðarlega mikilvægt fyrir ÍBV íþróttafélag fjárhagslega að halda Þjóðhátíðina og svo eru margir Vestmannaeyingar bara almennt orðnir mjög spenntir held ég að hittast og geta tekið gleði sína á ný.“

Beint afaugum

Þegar hátíðin var óhjákvæmilega slegin af í kjölfar Covid-bakslags þann 14. júlí í fyrra hét ÍBV því að halda eina glæsilegustu Þjóðhátíð allra tíma að ári. Hörður Orri segir þannig að þrátt fyrir áfallið 2020 hafi strax verið byrjað að huga að skipulagningu næstu hátíðar.

„Endanleg ákvörðun var svo tekin þegar stjórnmöld birtu áætlanir sínar um að aflétta öllum samkomutakmörkunum í júlí og við sáum ekkert vera því til fyrirstöðu að halda Þjóðhátíð hérna um verslunarmannahelgina.

Við erum búin að vera að skipuleggja en erum samt kannski aðeins í seinna fallinu að tilkynna þetta og í eðlilegu árferði væri miðasala farin af stað fyrir þó nokkru síðan,“ segir Hörður Orri og bætir við að miðasala ætti að hefjast á allra næstu dögum.

Allir í bátana!

Hörður Orri segir undirbúninginn í raun kominn á fullt og að byrjað sé að bóka tónlistarfólk. „Þetta er náttúrlega hörku batterí að halda svona Þjóðhátíð og margir sem koma að þessu. Bæði sjálfbóðaliðar og aðrir þannig að við erum bara



Það var stuð í Herjólfssdal 2015 en ekkert í fyrra en hins vegar er reiknað með metfjöri á upprisinni Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum 2021.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Miðað við það sem við heyrum og finnum frá fólki þá reiknum við með að það verði tilbúið að koma og jafnvel að það verði uppselt.

búin að vera að heyra í okkar fólki undanfarnar vikur og daga og allir eru á tánum.

Ég held að það sé alveg sama hvert maður hringir það eru allir mjög spenntir að koma og eru tilbúnir í þetta verkefni með okkur,“ segir Hörður Orri sem telur óhætt að segja að landið er að rísa þegar jafn fastur liður í tilverunni og Þjóðhátíð er komin á sinn stað.

Dalurinn gæti fyllst

Hörður Orri telur víst að Þjóðhátíð 2021 verði söguleg og útilokar ekki



Hörður Orri Grettisson, formaður Þjóðhátíðarnefndar, útilokar ekki að Dalurinn muni fyllast í fyrsta skipti. MYND/ADSEND

að það verði uppselt á hana í fyrsta sinn í rúmlega 145 ára sögu hennar. „Ekki það að maður hafi áhyggjur af því en miðað við það sem við heyrum og finnum frá fólki þá reiknum við með að það verði tilbúið að koma og jafnvel að það verði uppselt.

Það hefur aldrei í sögunni verið uppselt á Þjóðhátíð en svona miðað við tilfinninguna sem við höfum fyrir þessu þá getum við alveg ímyndað okkur að svo geti farið á einhverjum tímapunkti á þessari hátíð. Að eftirspurnin verði það

mikil. Dalurinn ber náttúrlega bara ákveðinn fjölda og þetta er eitthvað sem við erum að velta fyrir okkur.“

Hörður Orri segir að þetta mat byggi ekki eingöngu á uppsafnaðri spennu í samfélaginu og eyðunni í fyrra. „Fólk er heldur ekki að fara að ferðast til útlanda en þyrstir orðið í að komast til þess að gera eitthvað.“

Hjarðskemmtun ónæmra

Þar sem vasklegast hefur verið gengið fram í bólusetningu eldra fólks mætti ætla að eldri borgarar verði best í stakk búnir til þess að skemmta sér í Herjólfssdal en Hörður Orri gerir ekki ráð fyrir stórkostlegum frávikum.

„Aldurssamsetning Þjóðhátíðar er bara alltaf að breytast og meðalaldur Þjóðhátíðargesta undanfarnin ár hefur bara hækkað þannig að við erum að fá alla flórana,“ segir Þjóðhátíðarnefndarformaðurinn sem gerir ráð fyrir að fjöldinn muni ekki láta veiruna skyggja á gleðina.

„Algjörlega og miðað við áætlunina þá verður náttúrlega bara komið eitthvað sem heitir hjarðónæmi hérna á Íslandi og vonandi verður þetta bara allt eins og áætlanir segja til um.“ ■



Í LOFTINU

REYKJAVÍK SÍÐDEGIS

VIRKA DAGA 16:00-18:30

SÆKTU NÝJA APPIÐ!
 

BYLGJAN
989

NÓA

NÝTT!

TROMP HVELLUR



SUMARHVELLURINN Í ÁR

Ert þú til í glænýja bragðupplifun? Við höfum nú bætt kríspí súkkulaði utan á hið sívinsæla Tromp og búið til nýtt sælgæti sem er svo spennandi að það fékk nafnið Hvellur! Lungamjúkt og ómótstæðilegt Tromp falið inn í stökku og kríspí mjólkursúkkulaði. Getur ekki klikkað!

Bakþankar

Jóhönnu Vigdísar
Guðmundsdóttur



Grillandi
kjánaprik

Fréttir af eldhættunni sem stafar af sinu og trjágróðri í einmuna þurrkatið undanfarinna vikna hafa tekið við af Covid-fréttum á forsiðum blaðanna. Það er augljóst að grillpartí á Stór-Skorradals-Grímsnesssvæðinu eru ekki málið þessa dagana.

Verandi stoltur eigandi sumarhúss á Vesturlandi, í téðum Skorradal, hef ég eytt nokkrum dögum í að raka sinu, saga niður tré í kringum húsið og jafnvel gengið svo langt að safna saman þurru laufi. Það er ekki mjög íslenskt, enda erum við svo óvön trjám að það má helst ekki skerða greinar þeirra, hvað þá saga þau niður. Ég fór sem sagt um hliðina með sög í vinstri og hrífu í hægri, eins og kona gerir á uppstigningardag. Sumir myndu segja eins og eldur í sinu.

Ég er því enn að jafna mig eftir að hafa, óvart vel að merkja, heyrt á tal miðaldra hjóna í Bónus í hinum eðla bæ Borgarnesi. Þau töluðu í hálfum hljóðum (svona heyrir ég óskaplega vel) um hvað þau ættu að grilla í bústaðnum, kalda piparsósu með grillsteikinni, og mikilvægi þess að muna eftir að kaupa kol og grillvökva. Nú gæti forsjarhyggju-fólk haldið því fram að skynsamlegast væri að læsa kol og grillvökva inni á meðan við biðum eftir hinu eðlilega íslenska rigningarsumri. Hinn möguleikinn er auðvitað að læsa þessi hjón inni þar til byrjar að rigna. En trúið mér, reynslan sýnir að íslenska rigningarsumarið mun koma. Þangað til skulum við ekki vera grillandi kjánaprik, umkringd þurri sinu og brakandi árgamalli lúpinu. Það er líka miklu meiri stemning að grilla í grenjandi rigningu. ■

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA
STARFSKRAFTINN
Í MEST LESNA
ATVINNUBLAÐI
LANDSINS!*

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ



FIMM STJÖRNU LÚXUS HÓTELRÚM
– HEIM TIL ÞÍN –

Fimm stjörnu Hótel-rúmalínan frá Serta er fánleg í verslunum Betra Baks í Reykjavík, á Akureyri og Ísafirði. Metsölubókin „Þess vegna sofum við“ í íslenskri þýðingu fylgir rúmunum.

5 STJÖRNU HÓTELRÚMIN frá Serta eru framleidd til að fullnægja yftrustu kröfum. Fjadrandi botn gefur 5 svæða heilsudýnni óviðjafnanlega fjöðrun og stuðning, lúxus yfirdýnan lagast að þér og þér líður eins og þú svífir. Velkomin í þitt 5 stjörnu heilsurúm, heima hjá þér – allar nætur – alltaf.

CLASSICO, YORK OG LIGNE eru með Serta Splendid Royal heilsudýnu frá Serta. Hún er fimm svæðaskipt pokagormadýna með góðum stuðningi við bak en mýkra gormakerfi á axla- og mjaðma-svæði. Hægt er að velja um tvo stífleika á dýnunni eftir því hvað hentar hverjum og einum. Yfirdýnan er millistíf, úr kaldpressuðum svampi og vinnur vel á móti fjöðruninni í botni og dýnu.


MAGNIFIQUE rúmið er með Serta Royalty Superior heilsudýnu sem sker sig frá Splendid Royal m.a. með því að vera með tvískiptu gormakerfi og aukinni kantstyrkingu.

Áklæðið á rúmunum er slitsterkt bómullaráklæði, ofnæmisfrítt og andar einstaklega vel. Það er fánlegt í nokkrum litum sem eru mismunandi eftir rúmgerðum. Hægt er að velja mismunandi fætur og einnig eru fánleg náttborð í stíl.

Verðdæmi: Classico 160 x 200 cm

Verð: 349.900 kr (botn, fætur, dýna, yfirdýna og gafl)

(Bókin Þess vegna sofum við fylgir í kaupunum)



Bókin Þess vegna sofum við, eftir dr. Matthew Walker fylgir kaupum á rúmunum úr 5 stjörnu hótélrúmalínunni frá Serta. Bókin hefur slegið í gegn um heim allan. Bókin opnar augu almennings fyrir mikilvægi svefns í tengslum við heilsu, vellíðan og árangur.

Verðmæti: 3.490 kr.



Matthew Walker er prófessor við Harvard háskóla og sérfræðingur í svefni, sálfræði og taugalífeðlisfræði. Hann er virtur vísindamaður á þessu sviði og hefur birt fjölmargar ritrýndar vísindagreinar.